

„Bara það að koma mér í gang“

Úttekt á aðstæðum og virkni þeirra sem
þiggja fjárhagsaðstoð til framfærslu hjá
Reykjavíkurborg



FÉLAGSVÍSINDASTOFNUN
HÁSKÓLA ÍSLANDS





Lýsing á rannsókn

Unnið fyrir	Velferðarsvið Reykjavíkurborgar
Markmið rannsóknar	Að kanna aðstæður þeirra sem þáðu fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg árið 2010
Dagsetning skýrsluskila	21. desember 2010

Ábyrgðaraðilar

Framkvæmd	Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands
Undirbúningur og gagnaöflun	Ásdís A. Arnalds Guðbjörg Andrea Jónsdóttir Ingibjörg Lilja Ómarsdóttir
Úrvinnsla	Ásdís A. Arnalds Vala Jónsdóttir
Skýrslugerð	Ásdís A. Arnalds Vala Jónsdóttir



Efnisyfirlit

Helstu niðurstöður	6
Markmið rannsóknar	8
Rannsóknaraðferðir	8
Framkvæmd símakönnunar	10
Framkvæmd og heimtur	10
Úrvinnsla	11
Framkvæmd viðtalsrannsóknar	12
Þátttakendur	12
Gagnaöflun	12
Skráning og úrvinnsla gagna	13
Niðurstöður símakönnunar	14
Bakgrunnur þátttakenda	14
Fjárhagsaðstoðin	19
Þjónusta Velferðarsviðs	25
Atvinnuleit	40
Þátttaka í virkniúrræðum	46
Liðan	65
Niðurstöður viðtalsrannsóknar	69
Lífið á fjárhagsaðstoð	69
Þjónusta Velferðarsviðs	72
Samfélagsþátttaka og virkniúrræði	75
Framtíðarsýn	78
Umræða	79
Heimildir	83
Viðauki I	84
Hvað, ef eitthvað, gæti Reykjavíkurborg gert til að bæta þjónustu sína við þá sem þiggja fjárhagsaðstoð?	84
Viðauki II	95
Hvað, ef eitthvað, varstu sérstaklega ánægð(ur) með á námskeiðinu?	95
Viðauki III	98
Hvað, ef eitthvað, varstu sérstaklega óánægð(ur) með á námskeiðinu?	98

HELSTU NIÐURSTÖÐUR

- Alls sögðust 76% þátttakenda í könnun meðal fólks sem þiggur fjárhagsaðstoð að sér gengi illa að framfleyta sér af þeim tekjum sem þeir fá frá Reykjavíkurborg.
- Niðurstöður könnunarinnar sýna að mikill meirihluti (79%) notenda er sáttur við viðmót þeirra sem starfa í afgreiðslu þjónustumiðstöðvanna.
- Mikill meirihluti (96%) hefur farið í viðtal til félagsráðgjafa og algengast er að fólk eigi í samskiptum við félagsráðgjafann sinn einu sinni í mánuði.
- Almenn ánægja ríkir með störf félagsráðgjafa. Um 90% voru ánægðir með viðmót hans, 77% segja félagsráðgjafann aðstoða sig við að ráða fram úr vandamálum sínum, 71% segir félagsráðgjafann veita sér þær upplýsingar sem þeim beri að fá og 78% segja félagsráðgjafann aðstoða sig við að sækja rétt sinn.
- Nokkuð var um að þátttakendur í könnuninni væru óvirkir í atvinnuleit. Ríflega þriðjungur (35%) hafði aldrei sótt um starf á síðastliðnum þremur mánuðum og hjá jafnstórum hópi voru liðnir meira en tveir mánuðir frá því þeir sóttu síðast um starf. Notendur sem höfðu farið á kynningarnámskeiðið *Virgni til velferðar* voru þó virkari í atvinnuleit en aðrir.
- Samanburður á niðurstöðum tveggja kannana leiddi í ljós að ungt fólk sem þáði fjárhagsaðstoð haustið 2010 var óvirkara í atvinnuleit en ungt fólk sem þáði atvinnuleysisbætur vorið 2010. Hér skal þó haft í huga að samsetning þessara tveggja hópa er ólík m.a. hvað heilsufar varðar.
- Notendur með barn á framfæri mættu síður á kynningarnámskeiðið *Virgni til velferðar* en þeir sem var boðið á námskeiðið og höfðu barn eða börn á framfæri.
- Meirihluti (59%) þátttakenda á kynningarnámskeiðinu *Virgni til velferðar* sagði efnið sem farið var í á námskeiðinu muni nýtast sér vel. Yngstu þátttakendurnir voru helst á þeirri skoðun.
- Fólk sem þáði fjárhagsaðstoð af heilsufarsástæðum hafði frekar sótt virkinnámskeið af einhverju tagi en þeir sem þáðu aðstoð vegna atvinnuleysis eða atvinnumissis.
- Miklum meirihluta þátttakenda, sem hafði tekið þátt í virkinnámskeiði af einhverju tagi, (76%) fannst námskeiðið gagnast sér.
- Alls höfðu 30 svarendur í könnuninni þegið boð um þátttöku í *Virknibrúnni*. Af þessum hópi mætti ríflega helmingur (17 manns). Hlutfallslega fleiri konur en karlar mættu í *Virknibrúna*. Svarendur sem höfðu verið á fjárhagsaðstoð í innan við hálf tölur mættu síður í *Virknibrúna* en þeir sem höfðu þegið aðstoð í lengri tíma.
- Öllum þeim sem tóku þátt í *Virknibrúnni* fannst námskeiðið gagnast sér.
- Könnunin veitir ekki upplýsingar um hvað gagnaðist þátttakendum best, en í viðtölum við tvo einstaklinga sem tóku þátt í *Virknibrúnni* kom í ljós námskeiðið virkjaði þá til

frekari þátttöku í samfélaginu með því að gera þeim kleift að vera meira á meðal fólks.

- Helsta ástæðan sem fólk nefndi fyrir því að það mætti ekki á kynningarnámskeiðið *Virkni til velferðar* og á lengri virkninámskeið var að það hefði ekki tíma.
- Þeir sem mættu ekki í *Virknibrúna*, þrátt fyrir að hafa þegið boð um þátttöku, höfðu verið vansælli undangenginn mánuð en þeir sem mættu. Þetta vekur upp spurningar um hvort andlega vanlíðan komi í veg fyrir að fólk mæti á námskeið sem þessi. Eins kann að vera að námskeiðið hafi átt þátt í því að bæta líðan þeirra sem mættu.
- Almennigur í Reykjavík var að meðaltali með hærra gildi á kvarða yfir líðan en fólk sem þáði fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg. Þetta bendir til þess að fólki á fjárhagsaðstoð líði verr en hinum almenna Reykvíkingi.
- Í viðtölum við einstaklinga sem þáðu fjárhagsaðstoð kom fram að sumir upplifðu sig sem annars flokks þegna samfélagsins vegna þeirrar stöðu sem þeir voru í.
- Viðmælendur voru sumir hverjir félagslega einangraðir og fram kom ósk um að í boði væri samkomuhús fyrir fólk sem þiggur fjárhagsaðstoð.
- Upplifun viðmælenda af þjónustu Velferðarsviðs var misjöfn. Þeir sem voru í samskiptum við félagsráðgjafa voru þó mjög ánægðir með þann stuðning og aðhald sem ráðgjafinn veitti þeim.
- Reynsla viðmælenda af þátttöku í virkniúrræðum var góð. Með hjálp virkninámskeiðanna komust viðmælendur af stað í ákveðna rúttinu og námskeiðin hvöttu þá til aukinnar samfélagslegrar virkni.
- Í framtíðinni vonuðust viðmælendur til að verða virkir í námi eða starfi. Lífið á fjárhagsaðstoð var því engin óskastaða.

MARKMIÐ RANNSÓKNAR

Að beiðni Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar gerði Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands rannsókn á aðstæðum þeirra sem þáðu fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg árið 2010. Markmiðið með rannsókninni var einkum tvíþætt. Annars vegar var leitast við að fá mynd af þeim hópi sem þáði fjárhagsaðstoð, t.d. með því að safna upplýsingum um aðstæður og líðan þessara einstaklinga. Hins vegar var markmiðið að gera úttekt á þeim virkniúrræðum sem Velferðarsvið býður notendum sínum upp á. Leitað var svara við því hverjir taka þátt í virkniverkefnum á vegum Reykjavíkurborgar, hvað greinir þann hóp frá þeim sem hafa ekki tekið þátt í slíkum verkefnum, hvers vegna sumir hafna þátttöku í virkniúrræðum og hvernig úrræðin hafa reynst þeim sem hafa tekið þátt í þeim.

RANNSÓKNARAÐFERÐIR

Þær aðferðir sem beitt var við gagnasöfnum og úrvinnslu heyra undir tvær meginhefðir rannsókna í félagsvísindum, meginlegar og eigindlegar rannsóknaraðferðir. Í meginlegum aðferðum er leitast við að rannsaka félagsleg viðfangsefni á hlutlægan hátt. Notast er við töluleg gögn til að greina hegðunarmynstur og viðhorf. Spurningakannanir eru algeng leið til gagnasöfnunar í meginlegum aðferðum. Könnunin er þá gjarnan lögð fyrir tilviljunarúrtak þess hóps sem ætlunin er að alhæfa um.

Styrkleikar meginlegra rannsókna felast einkum í alhæfingargildi þeirra. Með spurningunni um alhæfingargildi rannsóknar (*e. generalizability*) er átt við það hvort hægt sé að heimfæra niðurstöður hennar yfir á annan hóp en þann sem tók þátt í rannsókninni. Sé úrtak valið með tilviljun úr hópi fólks sem þiggur fjárhagsaðstoð hjá Reykjavíkurborg mun sá hópur sem valdist til þátttöku í rannsókninni líkjast heildarhópnum svo fremi að úrtakið sé nægilega stórt. Það að beita hlutlægum, vísindalegum aðferðum til að mæla félagslegan veruleika er þó ýmsum vandkvæðum bundið. Ólíkir svarendur geta til dæmis lagt mismunandi merkingu í orðalag spurninga.

Eigindlegar rannsóknaraðferðir má rekja til hugmynda og kenninga um að veruleikinn sé félagslega skapaður og að einstaklingurinn sé virkur túlkandi veruleikans (Rannveig Traustadóttir, 1993). Eigindlegar rannsóknaraðferðir beinast þannig að því að skilja hvaða merkingu fólk leggur í líf sitt og aðstæður. Markmiðið er því ekki að bera saman athafnir og

viðhorf fólks með tölulegum hætti heldur að skilja hlutina út frá sjónarhóli þeirra sem taka þátt í rannsókninni (Rannveig Traustadóttir, 1993). Rökin fyrir því að rannsaka veruleikann á þennan hátt felast í þeirri hugmynd að raunveruleiki fólks er misjafn og fólk skynjar hlutina á ólíkan máta.

Viðtöl eru algeng leið til gagnasöfnunar þegar eigindlegum rannsóknaraðferðum er beitt. Viðtölin veita upplýsingar um hvað er mikilvægt fyrir tiltekinn félagshóp, hvaða merkingu hann leggur í það sem verið er að rannsaka og hvernig fólk skilur og skilgreinir tiltekna hluti. Í djúpvíðtölum er umræðuefnið yfirleitt fyrirfram ákveðið en innihald samræðnanna ekki. Rannsakandinn hvetur viðmælanda sinn til að tala um það sem skiptir máli fyrir rannsóknina, en gefur honum jafnframt tækifæri á að tala frjálsglega út frá eigin sjónarhorni. Af þeim sökum eru viðtölin ólík frá einum þátttakenda til annars þó viðfangsefnið sé hið sama (Kvale, 1996).

Kostir eigindlegra rannsókna eru að rannsakandi aflar gagna án milliliða og án þess að nota spurningar sem fela í sér fyrirframgefna svarmöguleika. Þar af leiðandi er rannsakandi ekki eins bundinn af áhyggjum af því hvort þátttakendur hafi skilið spurningarnar rétt. Rannsóknarhefðin gefur einnig möguleika á því að farið sé djúpt ofan í saumana á því sem verið er að rannsaka (Sigurlína Davíðsdóttir, 2003).

Takmarkanir eigindlegra rannsókna eru fyrst og fremst taldar felast í alhæfingargildi þeirra. Þeir sem nota hina eigindlegu aðferðafræði hafa það þó yfirleitt ekki að markmiði að gefa mynd af skoðunum fjölmargra einstaklinga og alhæfa þær niðurstöður yfir á stærri hóp (Bogdan og Biklen, 1998). Aftur á móti geta niðurstöðurnar gefið vísbendingar um að málum sé líkt farið hjá öðrum í svipaðri aðstöðu (Sigurlína Davíðsdóttir, 2003).

Það fylgja því ýmsir kostir að notast við báðar þessara rannsóknarhefða til að rannsaka sama viðfangsefnið. Til dæmis getur verið hagvæmt að undirbúa meginlega rannsókn með eigindlegum hætti. Ef framkvæma á könnun er stundum ráð að taka viðtöl við nokkra einstaklinga til þess að fá innsýn í hugarheim þeirra sem munu taka þátt í rannsókninni. Þannig geta hugsanlega komið upp ný svið til að skoða, sem rannsakandanum hafði ekki hugkvæmst að spyrja út í. Eins gefa viðtöl möguleika á að fara dýpra ofan í saumana á tilteknum atriðum eftir að búið er að afla gagna með meginlegum hætti (Sigurlína Davíðsdóttir, 2003).

FRAMKVÆMD SÍMAKÖNNUNAR

Framkvæmd og heimtur

Alls voru 1.752 einstaklingar á lista yfir þá sem höfðu þegið fjárhagsaðstoð til framfærslu frá Reykjavíkurborg frá ágúst fram í október 2010. Af þeim höfðu 318 þegið boð um að mæta á kynningarfundinn *Virgni til velferðar og/eða þegið boð um þátttöku í Virknibrú*. Til viðbótar við þennan hóp höfðu 27 einstaklingar, sem ekki þáðu fjárhagsaðstoð haustið 2010, þegið boð um þátttöku í *Virgni til velferðar og/eða Virknibrú*. Allir þeir sem einhvern tíma höfðu þegið boð um þátttöku í ofangreindum úrræðum voru valdir til þátttöku í rannsókninni, hvort sem þeir höfðu þegið fjárhagsaðstoð haustið 2010 eða ekki. Að auki var tekið 455 manna tilviljunarúrtak úr hópi þeirra sem þegið höfðu fjárhagsaðstoð til framfærslu haustið 2010 en sem ekki höfðu þegið boð um þátttöku í *Virgni til velferðar og/eða Virknibrú*. Í heild voru því 800 einstaklingar valdir til þátttöku í rannsókninni. Vert er að benda á að úrtakið er ekki fullkomlega lýsandi fyrir alla þá sem þáðu fjárhagsaðstoð haustið 2010 þar sem að í úrtakinu höfðu hlutfallslega margir þegið boð um þátttöku í virkniúrræðum miðað við það sem gengur og gerist. Það þótti aftur á móti nauðsynlegt að reyna að ná tali af öllum þeim sem þáðu boð um virkni til þess að unnt væri að greina reynslu þeirra af þátttöku.

Könnunin fór fram dagana 25. nóvember til 3. desember 2010. Hringt var í þátttakendur og þeir meðal annars beðnir um að svara spurningum um ástæður þess að þeir þáðu fjárhagsaðstoð til framfærslu, viðhorf þeirra til þjónustu Velferðarsviðs og viðhorf til stuðnings Velferðarsviðs við fólk í atvinnuleit.

Af þeim 800 einstaklingum sem voru í úrtakinu tóku 457 þátt í könnuninni. Alls töldust 28 til brottfalls vegna veikinda eða tungumálaerfiðleika. Nettósvörun í könnuninni er því 59% (sjá töflu i).

Tafla i. Framkvæmd könnunarinnar

Upplýsingasöfnun	25. nóv. – 3. des. 2010
Framkvæmdarmáti	Símakönnun
Fjöldi í úrtaki	800
Fjöldi svarenda	457
Brúttó svarhlutfall	57%
Nettó svarhlutfall	59%

Tafla ii sýnir að brúttó svarhlutfall var álíka hátt meðal karla og kvenna og eins var svarhlutfallið svipað eftir aldri.

Tafla ii. Hlutfallsleg skipting í úrtaki og svörum

	Fjöldi í úrtaki	Hlutfall í úrtaki	Fjöldi svarenda	Hlutfall svarenda	Brúttó svarhlutfall
Heild	800	100%	457	100%	57%
Kyn					
Karl	497	62%	280	61%	56%
Kona	303	38%	177	39%	58%
Aldur					
18-29 ára	400	50%	223	49%	56%
39-39 ára	213	27%	123	27%	58%
40 ára og eldri	187	23%	106	24%	57%

Úrvinnsla

Svör í könnuninni voru greind með þeirri tölfræði sem er viðeigandi fyrir hverja og eina spurningu. Niðurstöður eru birtar í töflum og myndum. Töflurnar sýna hlutföll og fjölda svara skipt niður eftir nokkrum bakgrunnspáttum. Þar sem það átti við var greint eftir kyni, aldri, búsetu, menntun, ástæðu fyrir því að fólk þiggur fjárhagsaðstoð, lengd fjárhagsaðstoðar, tegund húsnæðis, fjölda barna og fjölskyldugerð. Auk þess voru sumar spurningar í könnuninni greindar eftir því hvort notendur höfðu farið á kynningarfundinn *Virgni til velferðar* eða tekið þátt í lengri virkniúrræðum eða ekki. Í töflunum eru aðeins birt svör þeirra sem tóku afstöðu til spurningarinnar. Af þeim sökum er mismunandi fjöldi svara á bak við hverja töflu.

Marktektarprófið kí-kvaðrat var notað til að meta hvort tölfræðilega marktækur munur væri á hlutföllum mismunandi hópa, en t-próf og dreifigreining (ANOVA) voru notuð þegar um meðaltöl var að ræða. Ef tölfræðileg marktekt kemur fram er það gefið til kynna með stjörnumerkjum. Ein stjarna þýðir að innan við 5% líkur séu á því að munur sem sést í hópi svarenda sé kominn til af tilviljun ($p < 0,05$). Með öðrum orðum getum við sagt með 95% vissu að sá munur sem birtist í úrtakinu sé einnig til staðar meðal allra þeirra sem þáðu fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg haustið 2010 (þ.e. í þýðinu). Tvær stjörnur þýða að munurinn sé marktækur miðað við 99% öryggi ($p < 0,01$) og þrjár stjörnur þýða að fullyrða megi með 99,9% vissu að munurinn sé til staðar í þýði ($p < 0,001$). Í sumum töflum er auk

Þess að finna skammstöfunina óg sem tákna að marktektarprófið hafi verið ógilt vegna fámennis í hópum.

FRAMKVÆMD VIÐTALSRANNSÓKNAR

Þátttakendur

Viðtalsþáttur rannsóknarinnar beindist að því að skoða upplifun sex einstaklinga á því að þiggja fjárhagsaðstoð til framfærslu frá Reykjavíkurborg. Aðgengi að þátttakendum fékkst í gegnum Velferðarsvið Reykjavíkurborgar. Velferðarsvið afhenti Félagsvísindastofnun lista yfir einstaklinga sem þegið höfðu fjárhagsaðstoð árið 2010 og úr þessum hópi völdu rannsakendur sex einstaklinga. Við val á þátttakendum var reynt að hafa í huga að þeir endurspegluðu að einhverju leyti þann fjölbreytileika sem er að finna meðal fólks sem þiggur fjárhagsaðstoð, meðal annars með tilliti til aldurs og kyns og þátttöku í virkniúrræðum. Í heild var rætt við tvær konur og fjóra karla. Elsti þátttakandinn var á sextugsaldri og sá yngsti 19 ára. Þremur þátttakenda hafði ekki verið boðið að taka þátt í kynningarfundinum *Virgni til velferðar* og/eða *Virknibrú*, tveir höfðu tekið þátt í námskeiðinu *Virknibrú* og einn hafði samþykkt boð um þátttöku í virkniúrræðunum en ekki mætt. Í umfjöllun um niðurstöður viðtalanna síðar í þessari skýrslu er þátttakendum gefin gervinöfn til þess að ekki sé unnt að rekja frásagnir til viðmælenda.

Gagnaöflun

Haft var samband við þátttakendur og þeim boðið að velja stund og stað þar sem viðtalið skyldi fara fram. Almennt séð tóku þátttakendur vel í að veita rannsakendum viðtal. Erfiðlega gekk þó að fá viðtal við einstakling sem hafði þegið boð um kynningarfundinn *Virgni til velferðar* en ekki mætt í úrræðið. Fyrst var hringt í ungan mann sem tók vel í að veita viðtal. Ákveðið var að viðtalið færi fram næsta dag. Daginn eftir var haft samband við viðkomandi til að minna hann á viðtalið en þá hafði eitthvað komið upp á hjá unga manninum og hann bað um að fá að fresta viðtalinu um einn dag. Rannsakendur höfðu aftur samband næsta dag til að minna á nýjan viðtalstíma, en aftur hafði eitthvað komið upp á og því var samið um nýjan viðtalstíma. Þegar sama sagan hafði endurtekið sig nokkra daga í röð, hætti ungi maðurinn að svara í símann. Þá var gerð tilraun til að ná í annan ungan mann. Viðkomandi aðili sagðist í gegnum síma hafa áhuga á að ræða við rannsakendur og í kjölfarið bókuðu rannsakendur

viðtalsherbergi í þjónustumiðstöð í hverfi unga mannsins. Aftur var hringt í manninn þegar hann mætti ekki í viðtalið. Nýr viðtalstími var ákveðinn en ungi maðurinn mætti heldur ekki í seinna skiptið. Þegar hann loks svaraði símanum sagðist hann vera lasinn. Þá var brugðið á það ráð að hringja í unga konu og kanna hvort hún vildi veita viðtal í tengslum við rannsóknina. Ungu konan tók vel í bón rannsakenda og mætti til viðtalsins á umsömdum tíma.

Viðtölin voru sex talsins. Fjögur viðtalanna voru tekin í viðtalsherbergi Félagsvísindastofnunar, eitt fór fram á heimili þátttakanda og rætt var við einn þátttakanda í þjónustumiðstöð í hverfi viðkomandi. Viðtölin fóru fram dagana 11. nóvember til 9. desember 2010 og voru á bilinu 20 mínútur til klukkutími á lengd. Viðtölin tóku Ásdís Aðalbjörg Arnalds og Ingibjörg Lilja Ómarsdóttir, verkefnisstjórar hjá Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.

Í viðtölunum var lögð megináhersla á að gefa þátttakendum færi á að tala um það sem þeim sjálfum fannst skipta máli og í þeirri röð sem þeir óskuðu. Viðtölin hófust gjarnan á umræðu um viðhorf þáttakenda til þjónustu Velferðarsviðs og þeirra virkniúrræða sem sviðið býður notendum sínum. Þessu var síðan fylgt eftir með spurningum og umræðum er snéru að því hvernig það kom til að viðkomandi fór að þiggja fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg, hvers vegna hann eða hún hafði ákveðið að hafna eða þiggja boð um þátttöku í virkniúrræðum og framtíðarsýn viðmælenda. Reynt var að skapa afslappað andrúmsloft með því að leyfa viðmælendum að hafa stjórn á aðstæðum. Þannig líktist viðtalið fremur samtali en formlegu viðtali. Í lok viðtalanna voru viðmælendur spurðir hvort þeir hefðu eitthvað sem þeir vildu bæta við og þeim þannig gefinn kostur á að koma á framfæri efni sem skipti þá sjálfa máli en tengdust ekki endilega spurningum rannsakenda.

Skráning og úrvinnsla gagna

Öll viðtölin voru tekin upp og þau síðan afrituð orðrétt. Hvert viðtal var lesið vandlega yfir og meginatriði þess dregin fram með því að gefa textabútum nafn. Í framhaldi voru kóðanir allra viðtalanna flokkaðar í meginþemu og undirþemu. Meginþemun snéru að upplifun fólks af því að þiggja fjárhagsaðstoð, samskiptum við félagsráðgjafa, þátttöku í virkniúrræðum og framtíðarsýn.

NIÐURSTÖÐUR SÍMAKÖNNUNAR

Í þessum hluta er gerð grein fyrir niðurstöðum símakönnunarinnar.

Bakgrunnur þátttakenda

Karlar voru 61% þátttakenda en konur 39% (sjá töflu 1).

Tafla 1. Kyn þátttakenda

	Fjöldi	Hlutfall	Vikmörk	
			+/-	Hlutfall
Svör				
Karl	197	61,3%	4,5%	61,3%
Kona	18	38,7%	4,5%	38,7%
Alls	457			

Meðalaldur þátttakenda var 32,3 ár. Yngstu þátttakendurnir voru 18 ára og þeir elstu 64 ára.

Tafla 2 sýnir aldersdreifingu þátttakenda.

Tafla 2. Aldur þátttakenda

	Fjöldi	Hlutfall	Vikmörk	
			+/-	Hlutfall
Svör				
18-29 ára	223	49,3%	4,6%	49,3%
30-39 ára	123	27,2%	4,1%	27,2%
40 ára og eldri	106	23,5%	3,9%	23,5%
Fjöldi svara	452	100%		
Óljóst	5			
Alls	457			

Tafla 3 sýnir að meirihluti þátttakenda (63%) hafði lokið grunnskóla eða hætt námi áður en grunnskólagöngu lauk.

Tafla 3. Menntun þátttakenda

	Fjöldi	Hlutfall	Vikmörk	
			+/-	Hlutfall
Svör				
Grunnskólanám	271	63,3%	4,6%	63,3%
Stúdentspróf	42	9,8%	2,8%	9,8%
Starfsmenntun/iðmenntun	68	15,9%	3,5%	15,9%
Háskólamenntun/sérskólanám á háskólastigi	47	11,0%	3,0%	11,0%
Fjöldi svara	428	100%		
Annað nám	18			
Vil ekki svara	11			
Alls	457			

Tafla 4 sýnir að tæp 67% þátttakenda framfleyttu sér á fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg. Alls voru 3,3% á námsstyrk frá Reykjavíkurborg sem þýðir að um 30% þátttakenda þáðu ekki fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg á þeim tíma sem könnunin fór fram. Þessir þátttakendur svöruðu ekki spurningum um þjónustu Velferðarsviðs eða atvinnuleit. Aftur á móti voru þeir beðnir að svara spurningum um reynslu sína af virkninámskeiðum þann tíma sem þeir þáðu fjárhagsaðstoð og eins var líðan þessa hóps metin til þess að unnt væri að bera hana saman við líðan þess hóps sem enn þáði fjárhagsaðstoð.

Tafla 4. Hvaðan færð þú tekjur til að framfleyta þér?

	Fjöldi	Hlutfall	Vikmörk	
			+/-	Hlutfall
Svör				
Fæ fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg	300	66,8%	4,2%	66,8%
Í launaðri vinnu, fullt starf	45	10,0%	2,7%	10,0%
Fæ endurhæfingalfeyri frá Tryggingastofnun	29	6,5%	2,2%	6,5%
Er atvinnulaus á bótum frá Vinnuálastofnun	27	6,0%	2,1%	6,0%
Fæ örorkubætur frá Tryggingastofnun	18	4,0%	1,7%	4,0%
Í launaðri vinnu, hlutastarf	17	3,8%	1,7%	3,8%
Er nemi á námslánum	17	3,8%	1,7%	3,8%
Er nemi á námsstyrk frá Reykjavíkurborg	15	3,3%	1,6%	3,3%
Fæ tekjur annars staðar frá	22	4,9%	1,9%	4,9%
Fjöldi svara	490	109%	Þar sem merkja mátti við fleiri en eitt atriði er hlutfall svara alls yfir 100%	
Veit ekki	3			
Vil ekki svara	2			
Alls	495			

Algengasta ástæða þess að fólk þáði fjárhagsaðstoð var atvinnumissir eða atvinnuleysi (66%), en einnig var algengt að fólk þáði fjárhagsaðstoð vegna heilsuleysis (36%) (sjá töflu 5). Þar sem svör eru greind eftir ástæðu þess að fólk þiggur fjárhagsaðstoð, síðar í þessum kafla, er notast við þessa tvo meginflokka. Þeir 20 einstaklingar sem hvorki nefndu atvinnuleysi né heilsuleysi eru undanskildir.

Tafla 5. Hvers vegna þiggur þú fjárhagsaðstoð?

	Fjöldi	Hlutfall	Vikmörk	
			+/-	Hlutfall
Svör				
Atv innumissir/atv innuleysi	301	65,9%	3,6%	65,9%
Heilsubrestrur/v eikindi	166	36,3%	3,7%	36,3%
Fjárhagsvandi/skuldavandi	70	15,3%	2,7%	15,3%
Námsaðstoð	44	9,6%	2,2%	9,6%
Aðstoð vegna barna	36	7,9%	2,1%	7,9%
Húsnæðisleysi/húsnæðisaðstæður	31	6,8%	1,9%	6,8%
Fötlun	3	0,7%	0,6%	0,7%
Önnur ástæða	9	2,0%	1,1%	2,0%
Fjöldi svara	660	145%	Þar sem merkja mátti við fleiri en eitt atriði er hlutfall svara alls yfir 100%	
Veit ekki	2			
Vil ekki svara	1			
Alls	663			

Tafla 6 sýnir að mikill meirihluti svarenda hafði ekki þegið fjárhagsaðstoð frá öðru sveitarfélagi en Reykjavíkurborg (88%).

Tafla 6. Hefur þú þegið fjárhagsaðstoð frá öðru sveitarfélagi en Reykjavíkurborg?

	Fjöldi	Hlutfall	Vikmörk	
			+/-	Hlutfall
Svör				
Já	55	12,1%	3,0%	12,1%
Nei	398	87,9%	3,0%	87,9%
Fjöldi svara	453	100%		
Veit ekki	3			
Vil ekki svara	1			
Alls	457			

Það hversu lengi svarendur höfðu þegið fjárhagsaðstoð spannaði frá einum mánuði upp í 20 ár. Tafla 7 sýnir að 38% svarenda höfðu þegið fjárhagsaðstoð í sex mánuði eða skemur, 22% höfðu þegið aðstoð í sex til 12 mánuði og 40% höfðu þegið aðstoð í meira en eitt ár.

Tafla 7. Ef þú leggur saman þann tíma sem þú hefur verið á fjárhagsaðstoð hjá Reykjavíkurborg og á fjárhagsaðstoð hjá öðrum sveitarfélögum, hvað hefur þú þá verið lengi á fjárhagsaðstoð samfleytt?

	Fjöldi	Vikmörk		Hlutfall
		Hlutfall	+/-	
Svör				
0-6 mánuðir	167	38,2%	4,6%	38,2%
6-12 mánuðir	94	21,5%	3,9%	21,5%
Yfir 1 ár	176	40,3%	4,6%	40,3%
Fjöldi svara	437	100%		
Veit ekki/neitar að sv ara	20			
Alls	457			

Tafla 8 sýnir að rúmur fjórðungur (26%) var með barn á framfæri.

Tafla 8. Barn/börn á framfæri þátttakenda

	Fjöldi	Vikmörk		Hlutfall
		Hlutfall	+/-	
Svör				
Nei, ekkert barn	338	74,0%	4,0%	74,0%
Já, barn/börn á framfæri	119	26,0%	4,0%	26,0%
Fjöldi svara	457	100%		

Tafla 9 sýnir að algengast var að þátttakendur leigðu íbúð á almennum leigumarkaði (42%). Þar sem svör eru greind eftir tegund húsnæðis, síðar í þessum kafla, er þátttakendum í eigin húsnæði sleppt vegna fámennis. Aðrir flokkar voru sameinaðir eftir því sem við átti.

Tafla 9. Húsnæðisaðstæður þátttakenda

	Fjöldi	Hlutfall	Vikmörk	
			+/-	Hlutfall
Svör				
Íbúð á almennum leigumarkaði	189	42,0%	4,6%	42,0%
Leiguhúsnæði Félagsbústaða/félagasamtaka	72	16,0%	3,4%	16,0%
Dvelur hjá öðrum en foreldrum	54	12,0%	3,0%	12,0%
Býr hjá foreldrum	40	9,0%	2,6%	9,0%
Herbergi á almennum leigumarkaði	40	9,0%	2,6%	9,0%
Eigið húsnæði	31	7,0%	2,4%	7,0%
Húsnæðislaus	17	4,0%	1,8%	4,0%
Stuðningsheimili/sambýli/á stofnun	5	1,0%	0,9%	1,0%
Námgarðar/heimavist	1	0,0%	0,0%	0,0%
Fjöldi svara	449	100%		
Ekki vitað	8			
Alls	457			

Tafla 10 sýnir að meirihluti þátttakenda voru einhleypir karlar (58%). Þar sem svör eru greind eftir fjölskyldugerð síðar í þessum kafla, er hjónum og sambúðarfólki sleppt þar sem einungis fimm svarendur tilheyra þeim hópi. Aðrir flokkar voru sameinaðir eftir því sem við átti.

Tafla 10. Fjölskyldugerð þátttakenda

	Fjöldi	Hlutfall	Vikmörk	
			+/-	Hlutfall
Svör				
Einhleyp kona	70	15,0%	3,3%	15,0%
Einhleypur karl	265	58,0%	4,5%	58,0%
Einstæð móðir	103	23,0%	3,9%	23,0%
Einstæður faðir	11	2,0%	1,3%	2,0%
Barnlaus hjón/sambýlisfólk	3	1,0%	0,9%	1,0%
Hjón/sambýlisfólk með barn/börn	5	2,0%	1,3%	2,0%
Alls	457	101%		

Bakgrunnsupplýsingarnar sem er að finna hér að ofan, voru notaðar í greiningu á spurningum könnunarinnar. Að auki voru spurningar um þátttöku í virkniúrræðum greindar eftir því að hvaða marki svarendur höfðu bíl til afnota, en um 37% svarenda höfðu alla jafna bíl til afnota, um 13% höfðu stundum afnot af bíl en 50% aldrei.

Fjárhagsaðstoðin

Í heild þáðu 315 þátttakendur fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg. Þessir þátttakendur voru spurðir ýmissa spurninga um fjárhagsaðstoðina. Í ljós kom að meirihluta svarenda (76%) gekk frekar eða mjög illa að framfleyta sér á tekjunum frá Reykjavíkurborg (sjá töflu 11).

Tafla 11. Gengur þér almennt séð vel eða illa að framfleyta þér og fjölskyldu þinni á þeim tekjum sem þú færð frá Reykjavíkurborg?

	Fjöldi	Hlutfall	Vikmörk	
			+/-	Hlutfall
Svör				
Mjög/frekar vel	30	9,8%	3,3%	9,8%
Hvorki vel né illa	42	13,8%	3,9%	13,8%
Mjög/frekar illa	233	76,4%	4,8%	76,4%
Fjöldi svara	305	100%		
Veit ekki	5			
Svarar ekki	147			
Alls	457			

Bakgrunnsgreining á því hvernig þátttakendum gekk að framfleyta sér á fjárhagsaðstoðinni leiddi í ljós að yngra fólki á fjárhagsaðstoð (þ.e. fólki á aldrinum 18-29 ára) gekk betur að framfleyta sér á tekjunum frá Reykjavíkurborg en hinum eldri (sjá töflu 12).

Tafla 12. Gengur þér almennt séð vel eða illa að framfleyta þér og fjölskyldu þinni á þeim tekjum sem þú færð frá Reykjavíkurborg? – Bakgrunnsgreining

	Mjög/frekar vel	Hv orki v el né illa	Mjög/frekar illa	Fjöldi svara	Hlutfall mjög/frekar vel
Heild	10%	14%	76%	305	10%
Kyn					
Karl	11%	13%	76%	197	11%
Kona	7%	15%	78%	108	7%
Aldur **					
18-29 ára	15%	18%	66%	146	15%
39-39 ára	6%	7%	86%	81	6%
40 ára og eldri	4%	10%	86%	73	4%
Menntun (óg)					
Grunnskólanám eða minna	11%	17%	72%	180	11%
Stúdentspróf	8%	17%	75%	24	8%
Starfsmenntun/iðnmenntun	8%	2%	90%	48	8%
Háskólamenntun/sérskólanám á háskólastigi	6%	9%	85%	33	6%
Af hverju þiggur þú fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg?					
Atv innumissir/atv innuleysi	9%	13%	78%	181	9%
Heilsubrestur/v eikindi/fötun	8%	15%	77%	74	8%
Hvað hefur þú verið lengi samfleytt á fjárhagsaðstoð?					
0-6 mánuði	13%	15%	71%	91	13%
6-12 mánuði	10%	13%	77%	70	10%
Yfir 1 ár	7%	13%	80%	135	7%
Barn/börn á framfæri eða ekki					
Ekkert barn	11%	13%	75%	239	11%
Með barn/börn á framfæri	5%	15%	80%	66	5%
Tegund húsnæðis (óg)					
Íbúð á almennum markaði	11%	13%	76%	150	11%
Herbergi á almennum leigumarkaði	17%	17%	66%	29	17%
Dvelur hjá öðrum	14%	17%	69%	59	14%
Stuðningsheimili/stofnun/húsnæðislaus	0%	6%	94%	17	0%
Leighúsnæði Félagsbústaða/félagasamtaka	2%	11%	86%	44	2%
Fjölskyldugerð					
Einhley p(ur)	11%	13%	75%	238	11%
Einstætt foreldri	5%	15%	80%	65	5%

Marktækur munur er á hópum; *p < 0.05, **p < 0.01, ***p < 0.001,

ögögnin uppfylltu ekki forsendur marktæktarprófs

0% 25% 50%

Pátttakendur sem sögðu það ganga frekar eða mjög illa að framfleyta sér á fjárhagsaðstoðinni voru spurðir hvað fjárhagsaðstoðin þyrfti að vera há til þess að fólk gæti framfleytt sér og fjölskyldu sinni. Ríflega helmingur (56%) sagði upphæðina þurfa að vera á bilinu 150 til 199 þúsund krónur og ríflega þriðjungur (35%) kvað hana þurfa vera á bilinu 200 til 299 þúsund krónur (sjá töflu 13).

Tafla 13. Hvað þyrfti fjárhagsaðstoðin að vera há, í krónum talið, til þess að þú gætir framfleytt þér og fjölskyldu þinni? (þeir spurðir sem gengur frekar eða mjög illa að framfleyta sér á fjárhagsaðstoðinni)

	Fjöldi	Hlutfall	Vikmörk +/-	Hlutfall
Svör				
Undir 150 þúsund kr.	9	4%	2,5%	4%
150 – 199 þúsund kr.	127	56%	6,5%	56%
200 – 299 þúsund kr.	79	35%	6,2%	35%
Yfir 300 þúsund kr.	11	5%	2,8%	5%
Fjöldi svara	226	100%		
Veit ekki	7			
Vil ekki svara	224			
Alls	457			

Ekki var unnt að segja til um það hvort tölfræðilega marktækur munur var á afstöðu til þess hvað fjárhagsaðstoðin þyrfti að vera há eftir bakgrunni vegna fámennis í hópum (sjá töflu 14).

Tafla 14. Hvað þyrfti fjárhagsaðstoðin að vera há, í krónum talið, til þess að þú gætir framfleytt þér og fjölskyldu þinni? – Bakgrunnsgreining

	Undir 150 þúsund kr.	150 – 199 þúsund kr.	200 – 299 þúsund kr.	Yfir 300 þúsund kr.	Fjöldi svara
Heild	4%	56%	35%	5%	226
Kyn (óg)					
Karl	3%	60%	32%	5%	91
Kona	6%	49%	40%	5%	45
Aldur (óg)					
18-29 ára	6%	62%	30%	2%	64
29-39 ára	3%	59%	35%	3%	43
40 ára og eldri	2%	43%	43%	12%	27
Menntun (óg)					
Grunnskólanám	6%	58%	33%	3%	81
Stúdentspróf	0%	65%	29%	6%	11
Starfsmenntun/iðmenntun	0%	41%	49%	10%	17
Háskólamenntun/sérskólanám á háskólastigi	7%	56%	30%	7%	17
Af hverju þiggur þú fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg? (óg)					
Atvinnumissir/atvinnuleysi	5%	58%	34%	7%	86
Heilsuþrestur/vaikindi/fötlun	0%	61%	48%	2%	34
Hvað hefur þú verið lengi samfleytt á fjárhagsaðstoð?					
0-6 mánuði	8%	58%	29%	5%	43
6-12 mánuði	4%	61%	27%	8%	33
Yfir 1 ár	1%	58%	43%	3%	56
Barn/börn á framfæri eða ekki (óg)					
Ekkert barn	3%	60%	33%	4%	109
Með barn/börn á framfæri	6%	45%	42%	8%	27
Tegund húsnæðis (óg)					
Ibúð á almennum markaði	3%	57%	35%	5%	66
Herbergi á almennum leigumarkaði	0%	68%	32%	0%	13
Dvelur hjá öðrum	10%	46%	41%	2%	23
Stuðningsheimili/stofnun/húsnæðislaus	6%	63%	31%	0%	11
Leiguhúsnæði Félagsbústaða/félagasamtaka	3%	53%	36%	8%	20
Fjölskyldugerð (óg)					
Einhley p(ur)	3%	60%	33%	4%	109
Einstætt foreldri	6%	46%	40%	8%	27

Marktækur munur er á hópum; * $p < 0.05$, ** $p < 0.01$, *** $p < 0.001$,

°gögnin uppfylltu ekki forsendur marktæktarprófs

Um 40% svarenda hafði sótt um heimildagreiðslur frá Reykjavíkurborg. Í flestum tilvikum var umsóknin samþykkt (sjá töflu 15).

Tafla 15. Hefur þú sótt um heimildagreiðslur frá Reykjavíkurborg?

	Fjöldi	Hlutfall	Vikmörk +/-	Hlutfall
Svör				
Já, sótti um og umsóknin var samþykkt	108	36%	5,5%	36%
Já, sótti um en umsókninni var hafnað	12	4%	2,2%	4%
Nei	178	60%	5,6%	60%
Fjöldi svara	298	100%		
Veit ekki	11			
Svarar ekki	148			
Alls	457			

Í bakgrunnsgreiningu á spurningunni um hvort fólk hafi sótt um heimildagreiðslur er búið að sameina í einn flokk alla þá sem sóttu um heimildagreiðslur, hvort sem umsóknin var samþykkt eða ekki. Tafla 16 sýnir að konur (59%) höfðu frekar sótt um heimildagreiðslur en karlar (30%). Fólk sem var búið að vera í meira en eitt ár samfleytt á fjárhagsaðstoð (50%) hafði frekar sótt um heimildagreiðslur en notendur sem höfðu þegið fjárhagsaðstoð skemur (29-33%). Fólk með barn eða börn á framfæri (74%) hafði einnig frekar sótt um heimildagreiðslur en barnlaust fólk (31%). Þá höfðu einstæðir foreldrar (73%) frekar sótt um heimildagreiðslur en einhleypir (31%).

Tafla 16. Hefur þú sótt um heimildagreiðslur frá Reykjavíkurborg? – Bakgrunnsgreining

	Já, sótti um og umsóknin var samþykkt	Já, sótti um en umsókninni var hafnað	Nei	Fjöldi svara
Heild	36%	4%	60%	298
Kyn ***				
Karl	26%	4%	70%	192
Kona	56%	4%	41%	106
Aldur (óg)				
18-29 ára	39%	1%	60%	139
29-39 ára	40%	8%	53%	80
40 ára og eldri	30%	5%	65%	74
Menntun (óg)				
Grunnskólanám eða minna	38%	3%	59%	173
Stúdentspróf	30%	17%	52%	23
Starfsmenntun/iðmenntun	31%	2%	67%	48
Háskólamenntun/sérskólanám á háskólastigi	39%	3%	58%	33
Af hverju þiggru þú fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg?				
Atv innumissir/atv innuleysi	33%	4%	61%	179
Heilsubrestur/v eikindi/fötun	36%	4%	66%	72
Hvað hefur þú verið lengi samfleytt á fjárhagsaðstoð? (óg)				
0-6 mánuði	27%	4%	67%	91
6-12 mánuði	28%	4%	71%	68
Yfir 1 ár	45%	5%	50%	130
Barn/börn á framfæri eða ekki ***				
Ekkert barn	27%	4%	69%	233
Með barn/börn á framfæri	71%	3%	26%	65
Tegund húsnæðis (óg)				
Ibúð á almennum markaði	40%	3%	57%	146
Herbergi á almennum leigumarkaði	27%	10%	63%	30
Dvelur hjá öðrum	26%	5%	69%	58
Stuðningsheimili/stofnun/húsnæðislaus	13%	6%	81%	16
Leiguhúsnæði Félagsbústaða/félagasamtaka	52%	2%	45%	42
Fjölskyldugerð ***				
Einhleyp(ur)	26%	4%	69%	232
Einstætt foreldri	70%	3%	27%	64

Marktækur munur er á hópum; * $p < 0.05$, ** $p < 0.01$, *** $p < 0.001$,

ögögnin uppfylltu ekki forsendur marktæktarprófs

Þeir sem ekki höfðu sótt um heimildagreiðslur voru spurðir um ástæður þess. Tafla 17 sýnir að algengast var að fólk hafði ekki sótt um heimildagreiðslur vegna þess að það vissi ekki af tilvist slíkra greiðslna (66%). Einnig var nokkuð um að fólk hefði ekki sótt um heimildagreiðslur vegna þess að það taldi sig ekki þurfa á slíkum greiðslum að halda (30%).

Tafla 17. Hvers vegna hefur þú ekki sótt um heimildagreiðslur? (þeir spurðir sem ekki hafa sótt um heimildagreiðslur)

	Fjöldi	Hlutfall	Vikmörk	
			+/-	Hlutfall
Svör				
Vissi ekki að hægt væri að sækja um slíkar greiðslur	112	65,9%	6,8%	65,9%
Hef ekki þurft á slíkum greiðslum að halda	51	30,0%	6,6%	30,0%
Ottast að beiðni minni verði hafnað	7	3,8%	2,8%	3,8%
Það er of flókið að sækja um slíkar greiðslur	6	3,5%	2,7%	3,5%
Hef ekki kynnt mér heimildagreiðslur	3	1,6%	1,8%	1,6%
Önnur ástæða	5	2,7%	2,3%	2,7%
Fjöldi svara	184	108%	Þar sem merkja mátti við fleiri en eitt atriði er hlutfall svara alls yfir 100%	
Veit ekki	10			
Vil ekki svara	263			
Alls	457			

Þjónusta Velferðarsviðs

Þátttakendur voru spurðir hvort þeir væru almennt sáttir eða ósáttir við viðmót þeirra sem starfa í afgreiðslu þjónustumiðstöðvarinnar í sínu hverfi. Meirihluti svarenda var mjög eða frekar sáttur við viðmót þjónustufulltrúanna (79%) (sjá töflu 18).

Tafla 18. Ert þú almennt sátt(ur) eða ósátt(ur) við viðmót þeirra sem starfa í afgreiðslu þjónustumiðstöðvarinnar í þínu hverfi?

	Fjöldi	Hlutfall	Vikmörk	
			+/-	Hlutfall
Svör				
Mjög/frekar sátt(ur)	241	79,0%	4,6%	79,0%
Hvorki sátt(ur) né ósátt(ur)	28	9,2%	3,2%	9,2%
Mjög/frekar ósátt(ur)	36	11,8%	3,6%	11,8%
Fjöldi svara	305	100%		
Veit ekki	4			
Svarar ekki	148			
Alls	457			

Tafla 19 sýnir að munur var á afstöðu karla og kvenna til viðmóts þeirra sem starfa í afgreiðslu þjónustumiðstöðvanna. Karlar (82%) voru sáttari við viðmót þjónustufulltrúanna en konur (73%).

Tafla 19. Ert þú almennt sátt(ur) eða ósátt(ur) við viðmót þeirra sem starfa í afgreiðslu þjónustumiðstöðvarinnar í þínu hverfi? – Bakgrunnsgreining

	Mjög/frekar sátt(ur)	Hvorki sátt(ur) né ósátt(ur)	Mjög/frekar ósátt(ur)	Fjöldi svara	Hlutfall mjög/frekar sátt(ur)
Heild	79%	9%	12%	305	79%
Kyn *					
Karl	82%	10%	8%	197	82%
Kona	73%	8%	19%	108	73%
Aldur					
18-29 ára	82%	6%	12%	146	82%
30-39 ára	75%	10%	15%	79	75%
40 ára og eldri	80%	13%	7%	75	80%
Menntun (óg)					
Grunnskólanám eða minna	82%	10%	8%	178	82%
Stúdentspróf	72%	16%	12%	25	72%
Starfsmenntun/iðnmenntun	77%	6%	17%	48	77%
Háskólamenntun/sérskólanám á háskólastigi	79%	3%	18%	33	79%
Af hverju þiggur þú fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg?					
Atv innumissir/atv innuleysi	82%	4%	14%	73	82%
Heilsubrestur/v eikindi/fötun	80%	9%	11%	91	80%
Hvað hefur þú verið lengi samfleytt á fjárhagsaðstoð?					
0-6 mánuði	77%	10%	13%	70	77%
6-12 mánuði	79%	10%	12%	136	79%
Yfir 1 ár	80%	9%	11%	258	80%
Barn/börn á framfæri eða ekki					
Ekkert barn	82%	6%	12%	66	82%
Með barn/börn á framfæri	80%	8%	12%	149	80%
Tegund húsnæðis (óg)					
Íbúð á almennum markaði	83%	10%	7%	30	83%
Herbergi á almennum leigumarkaði	80%	8%	12%	60	80%
Dvelur hjá öðrum	76%	12%	12%	17	76%
Stuðningsheimili/stofnun/húsnæðislaus	74%	12%	14%	43	74%
Leiguhúsnæði Félagsbústaða/félagasamtaka	78%	10%	12%	238	78%
Fjölskyldugerð					
Einhley p(ur)	82%	6%	12%	65	82%
Einstætt foreldri	79%	11%	10%	130	79%

Marktækur munur er á hópum; * $p < 0.05$, ** $p < 0.01$, *** $p < 0.001$,

ósgögnin uppfylltu ekki forsendur marktæktarprófs.

0% 25% 50% 75% 100%

Tafla 20 sýnir að mikill meirihluti (96%) hafði rætt við félagsráðgjafa í þjónustumiðstöð viðkomandi. Þar sem svör við þessari spurningu voru mjög einsleit, þótti ekki ástæða til að greina hana eftir bakgrunni.

Tafla 20. Hefur þú farið í viðtal til félagsráðgjafa í þinni þjónustumiðstöð?

	Fjöldi	Hlutfall	Vikmörk	
			+/-	Hlutfall
Svör				
Já	294	95,8%	2,3%	95,8%
Nei	13	4,2%	2,3%	4,2%
Fjöldi svara	307	100%		
Veit ekki	2			
Svarar ekki	148			
Alls	457			

Tafla 21 sýnir að hlutfallslega flestir (46%) hittu félagsráðgjafa sinn að jafnaði einu sinni í mánuði. Tæplega fjórðungur (23%) hitti ráðgjafann á tveggja til þriggja mánaða fresti og álíka stór hópur (22%) hitti ráðgjafa sinn tvisvar í mánuði eða oftar.

Tafla 21. Hversu oft, að jafnaði, ert þú í samskiptum við félagsráðgjafann í þjónustumiðstöðinni þinni? (þeir spurðir sem hafa farið í viðtal til félagsráðgjafa)

	Fjöldi	Hlutfall	Vikmörk	
			+/-	Hlutfall
Svör				
Tvisvar í mánuði eða oftar	63	21,5%	4,7%	21,5%
Einu sinni í mánuði	135	46,1%	5,7%	46,1%
A tveggja til þriggja mánaða fresti eða sjaldnar	66	22,5%	4,8%	22,5%
Það fer eftir aðstæðum	29	9,9%	3,4%	9,9%
Fjöldi svara	293	100%		
Veit ekki	1			
Svarar ekki	163			
Alls	457			

Tafla 22 sýnir að karlar áttu sjaldnar í samskiptum við félagsráðgjafa sinn en konur. Um fjórðungur karla (26%) hitti félagsráðgjafa sinn á tveggja til þriggja mánaða fresti eða sjaldnar en hið sama átti við um 16% kvenna. Þá kom fram munur á tíðni samskipta við félagsráðgjafa eftir aldri. Elstu notendur þjónustunnar hittu félagsráðgjafa sjaldnar en hinir yngri. Um 43% notenda 40 ára og eldri hittu félagsráðgjafa sinn á tveggja til þriggja mánaða fresti eða sjaldnar, en það gerðu 19% notenda á aldrinum 30 til 39 ára og 13% notenda á aldrinum 18 til 29 ára.

Tafla 22. Hversu oft, að jafnaði, ert þú í samskiptum við félagsráðgjafann í þjónustumiðstöðinni þinni?
- Bakgrunnsgreining

	Tvisvar í mánuði eða oftar	Einu sinni í mánuði	Á tvíggja til þriggja mánaða fresti eða sjaldnar	Það fer eftir aðstæðum	Fjöldi svara
Heild	22%	46%	23%	10%	293
Kyn *					
Karl	21%	46%	26%	7%	185
Kona	23%	46%	16%	15%	108
Aldur ***					
18-29 ára	28%	47%	13%	12%	144
30-39 ára	19%	56%	19%	5%	77
40 ára og eldri	10%	37%	43%	10%	68
Menntun					
Grunnskólanám eða minna	28%	45%	18%	9%	170
Stúdentspróf	21%	46%	29%	4%	24
Starfsmenntun/iðnmenntun	11%	59%	26%	4%	46
Háskólamenntun/sérskólanám á háskólastigi	15%	36%	30%	18%	33
Af hverju þiggur þú fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg?					
Atvinnumissir/atvinnuleysi	25%	46%	22%	10%	69
Heilsubrestur/v eikindi/fötlun	23%	56%	14%	7%	87
Hvað hefur þú verið lengi samfleytt á fjárhagsaðstoð?					
0-6 mánuði	22%	45%	22%	7%	67
6-12 mánuði	21%	39%	28%	10%	130
Yfir 1 ár	22%	48%	21%	12%	246
Barn/börn á framfæri eða ekki					
Ekkert barn	26%	38%	22%	9%	65
Með barn/börnum á framfæri	19%	45%	26%	14%	144
Tegund húsnæðis (óg)					
Ibúð á almennum markaði	20%	40%	20%	10%	30
Herbergi á almennum leigumarkaði	29%	43%	21%	20%	56
Dvelur hjá öðrum	19%	69%	13%	7%	16
Stuðningsheimili/stofnun/húsnæðislaus	24%	48%	17%	0%	42
Leiguhúsnæði Félagsbústaða/félagasamtaka	20%	48%	23%	12%	227
Fjölskyldugerð					
Einhleyp(ur)	27%	39%	20%	9%	64
Einstætt foreldri	22%	45%	26%	14%	129

Marktækur munur er á hópum; * $p < 0.05$, ** $p < 0.01$, *** $p < 0.001$,

og gögnin uppfylltu ekki forsendur marktæktarprófs

Pátttakendur sem höfðu farið í viðtal til félagsráðgjafa voru spurðir ýmissa spurninga um þjónustu þess ráðgjafa sem þeir hittu oftast. Tafla 23 sýnir að svarendur voru almennt ánægðir með viðmót félagsráðgjafa síns (90%). Þar sem dreifing svara við spurningunni var mjög einsleit var hún ekki greind eftir bakgrunni þátttakenda.

Tafla 23. Ég er almennt ánægð(ur) með viðmót félagsráðgjafa míns (þeir spurðir sem hafa farið í viðtal til félagsráðgjafa)

	Fjöldi	Hlutfall	Vikmörk	
			+/-	Hlutfall
Svör				
Mjög/frekar sammála	257	90,2%	3,5%	90,2%
Hvorki sammála né ósammála	9	3,2%	2,0%	3,2%
Mjög/frekar ósammála	19	6,7%	2,9%	6,7%
Fjöldi svara	285	100%		
Veit ekki	0			
Svarar ekki	172			
Alls	457			

Meirihluti svarenda (77%) var frekar eða mjög sammála því að félagsráðgjafinn aðstoðaði þá við að ráða fram úr vandamálum sínum (sjá töflu 24).

Tafla 24. Félagsráðgjafinn aðstoðar mig við að ráða fram úr vandamálum mínum (þeir spurðir sem hafa farið í viðtal til félagsráðgjafa)

	Fjöldi	Hlutfall	Vikmörk	
			+/-	Hlutfall
Svör				
Mjög/frekar sammála	212	77,1%	5,0%	77,1%
Hvorki sammála né ósammála	25	9,1%	3,4%	9,1%
Mjög/frekar ósammála	38	13,8%	4,1%	13,8%
Fjöldi svara	275	100%		
Veit ekki	0			
Svarar ekki	182			
Alls	457			

^ogögnin uppfylltu ekki forsendur marktæktarprófs

0% 25% 50% 75% 100%

Pátttakendur sem höfðu sótt virkninámskeið af einhverju tagi voru spurðir hvaða námskeið þeir hafi sótt. Í einhverjum tilvikum hafði fólk sótt fleiri en eitt námskeið. Þess vegna er samanlagt hlutfall svara í töflu 58 yfir 100%. Mjög misjafnt var hvaða námskeið svarendur höfðu sótt. Hlutfallslega flestir höfðu sótt námskeið í hugrænni atferlismeðferð (24%), Virknibrú (12%), námskeið á vegum Hring sjár (12%) og sjálfstyrkingu fyrir konur (12%).

Tafla 58. Hvaða námskeið sóttir þú? (þeir spurðir sem hafa sótt virkninámskeið)

	Fjöldi	Hlutfall	Vikmörk	
			+/-	Hlutfall
Svör				
Námskeið í hugrænni atferlismeðferð	21	24,1%	8,2%	24,1%
Virknibrú	10	11,5%	6,1%	11,5%
Námskeið á vegum Hring sjár	10	11,5%	6,1%	11,5%
Sjálfstyrkingarnámskeið fyrir konur	10	11,5%	6,1%	11,5%
Kúrsinn fyrir karlmenn	6	6,9%	4,8%	6,9%
Virgni til velferðar	6	6,9%	4,8%	6,9%
Námskeið á vegum íslenskra fjallaleiðsögumanna	5	5,7%	4,4%	5,7%
Sjálfstyrkingarnámskeið fyrir karla	5	5,7%	4,4%	5,7%
Fjármálanámskeið	5	5,7%	4,4%	5,7%
Grettistak	5	5,7%	4,4%	5,7%
Foreldranámskeið	3	3,4%	3,5%	3,4%
Janus, endurhæfing	3	3,4%	3,5%	3,4%
Íslenska með meiru	2	2,3%	2,9%	2,3%
Virgni og velgengni	2	2,3%	2,9%	2,3%
Annað námskeið	12	13,8%	6,6%	13,8%
Fjöldi svara	105	120%	Þar sem merkja mátti við fleiri en eitt atriði er hlutfall svara alls yfir 100%	
Veit ekki	10			
Vil ekki svara	1			
Alls	116			

Taflan hér að ofan sýnir að einungis 10 þátttakendur sögðust hafa tekið þátt í Virknibrú. Athygli vakti að samkvæmt gögnum sem fengust frá Velferðarsviði Reykjavíkurborgar höfðu 17 svarendur tekið þátt í Virknibrú. Svo virðist því sem hluti hópsins hafi ekki áttað sig á því að um virkninámskeið var að ræða. Alls þáðu 30 svarendur boð um þátttöku í Virknibrúnni og af þeim mættu 17 á námskeiðið (57%). Í töflu 59 er að finna greiningu á bakgrunni þeirra sem mættu í Virknibrúna og þeirra sem mættu ekki, þrátt fyrir að hafa þegið boð um þátttöku. Ekki voru reiknuð marktektarpróf fyrir mun á bakgrunni þessara tveggja hópa þar sem um fáa svarendur var að ræða. Þá þótti óþarft að reikna marktektarpróf fyrir þennan hóp, þar sem í úrtakinu voru allir þeir sem þáðu boð um þátttöku í Virknibrúnni.

Tafla 59 sýnir að hlutfallslega fleiri konur en karlar tóku þátt í Virknibrúnni. Af þeim 16 körlum sem boðin var þátttaka í Virknibrú, mætti helmingur en hið sama gildi um 71% þeirra kvenna sem var boðin þátttaka. Það má velta því fyrir sér hvers vegna konur mættu betur á námskeiðið en karlar. Í því sambandi er áhugavert að bera saman svör kynjanna við spurningum um líðan. Í ljós kom að 62% þeirra karla sem þáðu boð um þátttöku sögðust á undanförunum mánuði hafa verið vansælli og niðurdregnari en venjulega. Hið sama átti við um 39% kvenna. Þá sýnir taflan að því lengur sem svarendur höfðu verið á fjárhagsaðstoð

frá Reykjavíkurborg, því meiri líkur voru á að þeir hefðu tekið þátt í Virknibrúnni. Loks er vert að nefna að allir þeir fimm einstæðu foreldrar sem boðin var þátttaka nýttu sér Virknibrúnnna mættu en hið sama átti við um 54% einhleypra.

Tafla 59. Mæting í Virknibrú - Bakgrunnsgreining

	Mætti í Virknibrú	Mætti ekki í Virknibrú þrátt fyrir að hafa þegið boð um þátttöku	Fjöldi svara	Hlutfall sem mætti í Virknibrú
Heild	57%	43%	30	57%
Kyn				
Karl	50%	50%	16	50%
Kona	71%	29%	14	71%
Af hverju þiggur þú fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg?				
Atvinnumissir/atvinnuleysi	59%	41%	22	59%
Heilsubrestur/veikindi/fötlun	80%	20%	5	80%
Hvað hefur þú verið lengi samfleytt á fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg?				
0-6 mánuði	43%	57%	14	43%
6-12 mánuði	64%	36%	11	64%
Yfir 1 ár	100%	0%	4	100%
Hvaðan koma tekjur þínar?				
Fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg	68%	32%	25	68%
Fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg og aðrar tekjum/aðstoð	50%	50%	2	50%
Barn/börn á framfæri eða ekki				
Ekkert barn	52%	48%	25	52%
Með barn/börn á framfæri	100%	0%	5	100%
Tegund húsnæðis				
Íbúð á almennum markaði	83%	17%	12	83%
Herbergi á almennum leigumarkaði	75%	25%	4	75%
Dvelur hjá öðrum	36%	64%	11	36%
Stuðningsheimili/stofnun/húsnæðislaus	0%	100%	1	0%
Leiguhúsnæði Félagsbústaða/félagasamtaka	50%	50%	2	50%
Fjölskyldugerð				
Einhleyp(ur)	54%	46%	24	54%
Einstætt foreldri	100%	0%	5	100%
Hefur þú bíl til afnota?				
Já, alltaf	29%	71%	7	29%
Já, stundum	50%	50%	4	50%
Nei	69%	31%	16	69%

Þátttakendur voru spurðir hversu vel eða illa þeim fannst námskeiðið gagnast sér. Mikill meirihluti (76%) var á því að námskeiðið hafi gagnast þeim frekar eða mjög vel (sjá töflu 60). Vegna fámennis er spurningin ekki greind eftir bakgrunni þátttakenda.

Tafla 60. Hversu vel eða illa fannst þér námskeiðið gagnast þér? (þeir spurðir sem hafa sótt virkninámskeið)

	Fjöldi	Hlutfall	Vikmörk	
			+/-	Hlutfall
Svör				
Mjög/frekar vel	71	76,3%	8,6%	76,3%
Hvorki vel né illa	9	9,7%	6,0%	9,7%
Mjög/frekar illa	13	14,0%	7,0%	14,0%
Fjöldi svara	93	100%		
Veit ekki	2			
Svarar ekki	362			
Alls	457			

Tafla 61 birtir dreifingu svara við spurningunni um gagnsemi námskeiðsins meðal þeirra sem tóku þátt í fjórum algengustu námskeiðunum: Virknibrú, Hugrænni atferlismeðferð, Sjálfstyrkingarnámskeiði fyrir konur og námskeiði á vegum Hringsjár. Taflan sýnir að allir þeir tíu einstaklingar (100%) sem tóku þátt í Virknibrúnni fannst námskeiðið gagnast sér frekar eða mjög vel. Á sömu skoðun voru 65% þeirra sem tóku þátt í námskeiði í hugrænni atferlismeðferð, 70% þeirra sem tóku þátt í Sjálfstyrkingarnámskeiði fyrir konur og 80% þeirra sem tóku þátt í námskeiði á vegum Hringsjár. Þar sem um fáa einstaklinga var að ræða var ekki unnt að greina hvort munur á afstöðu svarenda væri tölfræðilega marktækur.

Tafla 61. Hversu vel eða illa fannst þér námskeiðið gagnast þér? Greint eftir þátttöku í Virknibrú, Hugrænni atferlismeðferð, Sjálfstyrkingarnámskeiði fyrir konur og námskeiði á vegum Hringsjár

	Mjög/frekar vel	Hvorki vel né illa	Mjög/frekar illa	Fjöldi svara
Hvaða námskeið sóttir þú? (óg)				
Sótti Virknibrú	100%	0%	0%	10
Sótti námskeið í hugrænni atferlismeðferð	65%	25%	10%	20
Sótti Sjálfstyrkingarnámskeið fyrir konur	70%	10%	20%	10
Sótti námskeið á vegum Hringsjár	80%	10%	10%	10
Fjöldi svara	38	7	5	50

Marktækur munur er á hópum; * $p < 0.05$, ** $p < 0.01$, *** $p < 0.001$,

^ogögnin uppfylltu ekki forsendur marktæktarprófs

Til að grennslast betur fyrir um viðhorf þátttakandanna til námskeiðanna voru þeir spurðir tveggja opinna spurninga um ánægju eða óánægju með námskeiðin. Í töflu 62 er búið að flokka svör þátttakenda við þessum tveimur spurningum niður í nokkra meginflokka. Margar jákvæðar athugasemdir komu fram þegar þátttakendur voru spurðir hvað, ef eitthvað, þeir

væru sérstaklega ánægðir með. Algengast var að fólk væri ánægt með þá sem leiðbeindu á námskeiðunum (29%). Þá kváðust margir vera ánægðir með efnið sem farið var í á námskeiðinu (22%). Einungis 22 þátttakendur sögðust hafa verið óánægðir með einhverja þætti námskeiðsins. Um ólík svör var að ræða og fæst þeirra áttu mikið sameiginlegt. Þó voru þrír svarendur sem nefndu að þeir hafi verið óánægðir með staðsetningu námskeiðsins og jafnmargir kváðu efnið sem farið var í ekki hafa verið nógu áhugavert. Óflokkuð svör þátttakenda við spurningunum um hvað, ef eitthvað, þeir voru sérstaklega ánægðir eða óánægðir með eru birt í viðauka II og III.

Tafla 62. Hvað, ef eitthvað varstu sérstaklega ánægð(ur)/óánægð(ur) með? (þeir spurðir sem hafa sótt virkinnámskeið)

	Hlutfall	Fjöldi svara
Hvað, ef eitthvað, varstu sérstaklega ánægð(ur) með?		
Góða leiðbeinendur / gott viðmót	29,0%	20
Efnið sem farið var í	21,7%	15
Félagsskapinn	7,2%	5
Hvernig námskeiðið nýttist í atvinnuleit	5,8%	4
Að hafa eitthvað fyrir stafni	5,8%	4
Annað nefnt	30,4%	21
Hvað, ef eitthvað, varstu sérstaklega óánægð(ur) með?		
Staðsetninguna	13,6%	3
Efnið var ekki gott / óáhugavert	13,6%	3
Viðmót starfsfólks	9,1%	2
Of stutt námskeið	9,1%	2
Annað nefnt	54,5%	12

Þátttakendum sem boðin var þátttaka á virkinnámskeiði en höfðu ekki sótt slíkt námskeið voru spurðir hvers vegna þeir hafi ekki sótt virkinnámskeið. Algengast var að svarendur teldu sig ekki hafa tíma til þess (20%) (sjá töflu 63).

Tafla 63. Hvers vegna hefur þú ekki sótt slíkt námskeið? (þeir spurðir sem ekki hafa sótt virkninámskeið þrátt fyrir boð um þátttöku)

	Fjöldi	Hlutfall	Vikmörk	
			+/-	Hlutfall
Svör				
Það var of mikið að gera hjá mér / hafði ekki tíma	19	19,6%	7,5%	19,6%
Sé ekki tilgang í að mæta á svona námskeið	11	11,3%	6,0%	11,3%
Námskeiðið er ekki hafð, er á leið á námskeið	11	11,3%	6,0%	11,3%
Á erfitt með að vera í fjölmenni	8	8,2%	5,2%	8,2%
Var kominn með v innu	8	8,2%	5,2%	8,2%
Vegna veikinda/fötlunar	7	7,2%	4,9%	7,2%
Kemst ekki frá t.d. vegna barna	6	6,2%	4,5%	6,2%
Hef ekki haft áhuga á því sem er í boði	5	5,2%	4,2%	5,2%
Námskeiðin eru ekki ætluð fólki í minni stöðu / fólki með mína menntun	4	4,1%	3,7%	4,1%
Hef ekki komist að / of langur biðlisti	4	4,1%	3,7%	4,1%
Ég hef ekki efni á því	2	2,1%	2,7%	2,1%
Önnur ástæða	23	23,7%	8,0%	23,7%
Fjöldi svara	108	111%	Þar sem merkja mátti við fleiri en eitt atriði er hlutfall svara alls yfir 100%	
Veit ekki	2			
Vil ekki svara	1			
Alls	111			

Þátttakendur sem ekki höfðu sótt virkninámskeið þrátt fyrir boð um þátttöku voru spurðir hvort þeir myndu sækja námskeið ef það væri af öðrum toga en það/þau námskeið sem þeim bauðst. Meirihluti svarenda (72%) hafði áhuga á að sækja annars konar námskeið (sjá töflu 64). Vegna fárra svara var spurningin ekki greind eftir bakgrunni.

Tafla 64. Myndir þú sækja námskeið ef það væri af öðrum toga en það/þau námskeið sem þér bauðst? (þeir spurðir sem ekki hafa sótt virkninámskeið þrátt fyrir boð um þátttöku)

	Fjöldi	Hlutfall	Vikmörk	
			+/-	Hlutfall
Svör				
Já	63	72,4%	9,4%	72,4%
Nei	24	27,6%	9,4%	27,6%
Fjöldi svara	87	100%		
Veit ekki	10			
Svarar ekki	360			
Alls	457			

Svarendur sem höfðu ekki fengið boð um þátttöku í virkninámskeiði en höfðu áhuga á því og þeir sem sögðust mundu sækja námskeið ef það væri af öðrum toga voru spurður hvers konar námskeið þeir hefðu mestan áhuga á að sækja. Yfir helmingur svarenda (54%) nefndi

námskeið sem veita einhvers konar gráðu eða réttindi, 46% nefndu námskeið tengd listum eða hönnun, 44% nefndu námskeið í almennri heilsuefningu eða sjálfstyrkingu, 43% nefndu tölvunámskeið og 41% nefndi námskeið í iðngreinum, svo sem smíðanámskeið eða hárgreiðslunámskeið (sjá töflu 65).

Tafla 65. Hvers konar námskeið hefðir þú þá mestan áhuga á að sækja? (þeir spurðir sem ekki hafa fengið boð um þátttöku og þeir sem ekki hafa sótt virkinnámskeið þrátt fyrir boð um þátttöku)

	Fjöldi	Hlutfall	Vikmörk	
			+/-	Hlutfall
Svör				
Námskeið sem veitir einhvers konar gráðu eða réttindi	119	54,3%	3,8%	54,3%
Námskeið í listsköpun eða hönnun	100	45,7%	3,8%	45,7%
Námskeið tengd almennri heilsuefningu eða sjálfstyrkingu	97	44,3%	3,8%	44,3%
Tölvunámskeið	94	42,9%	3,8%	42,9%
Námskeið í iðngreinum	89	40,6%	3,7%	40,6%
Námskeið í rekstri heimilis	71	32,4%	3,6%	32,4%
Námskeið fyrir fólk með lengri menntun	44	20,1%	3,1%	20,1%
Tungumálanámskeið	9	4,1%	1,5%	4,1%
Útivistarnámskeið	8	3,7%	1,4%	3,7%
Matreiðslunámskeið	4	1,8%	1,0%	1,8%
Annað	27	12,3%	2,5%	12,3%
Fjöldi svara	662	302%	Þar sem merkja mátti við fleiri en eitt atriði er hlutfall svara alls yfir 100%	
Veit ekki	11			
Vil ekki svara	0			
Alls	673			

Líðan

Þátttakendur voru beðnir um að bera líðan sína á undanförunum mánuði saman við það hvernig þeim líður venjulega. Spurningarnar sem eru 12 talsins tilheyra alþjóðlegum mælikvarða á heilsu og líðan, GHQ-12. Tafla 66 birtir dreifingu svara við spurningunum 12.

Tafla 66. Tíðni svara við hverri spurningu í alþjóðlegu mælitæki á heilsu og líðan (GHQ-12)

Hefur þér á undanförunum mánuði ...	Betur en venjulega	Eins og venjulega	Verr en venjulega	Mun verr en venjulega	Fjöldi svara
..gengið betur eða verr að einbeita þér að því sem þú ert að gera?	24%	44%	20%	12%	438
..gengið betur eða verr að horfast í augu við erfiðleika?	33%	46%	14%	7%	431
..gengið betur eða verr að njóta daglegra athafna þinna?	28%	46%	17%	9%	422
Hefur þér á undanförunum mánuði ...	Meira en venjulega	Eins og venjulega	Heldur minna en venjulega	Mun minna en venjulega	Fjöldi svara
..fundist þú gera meira eða minna gagn en venjulega?	27%	42%	21%	10%	422
Hefur þú á undanförunum mánuði ...	Ánægðari en venjulega	Eins og venjulega	Heldur óánægðari en venjulega	Mun óánægðari en venjulega	Fjöldi svara
..verði ánægðari eða óánægðari með lífið í heild?	31%	35%	24%	10%	426
Hefur þú á undanförunum mánuði ...	Auðv eldara en venjulega	Eins og venjulega	Heldur erfiðara en venjulega	Mun erfiðara en venjulega	Fjöldi svara
..átt erfiðara eða auðv eldara með að taka ákvæðanir?	22%	51%	18%	10%	423
Hefur þér á undanförunum mánuði ...	Alls ekki	Eins og venjulega	Heldur oftar en venjulega	Mun oftar en venjulega	Fjöldi svara
..fundist þú vera undir stöðugu álagi?	22%	31%	31%	17%	435
..fundist erfitt að ráða fram úr vandamálum þínum?	29%	33%	25%	13%	427
..fundist þú vera vanskæll og niðurdregin(n)?	39%	23%	24%	15%	429
..fundist þú vera að missa trú á sjálfa(n) þig?	61%	15%	15%	9%	426
..hugsað um þig sem einskisverða persónu?	72%	12%	11%	6%	428
Hafa áhyggjur haldið fyrir þér vöku á undanförunum mánuði?	Alls ekki	Eins og venjulega	Heldur oftar en venjulega	Mun oftar en venjulega	Fjöldi svara
Hafa áhyggjur haldið fyrir þér vöku á undanförunum mánuði?	37%	23%	24%	16%	433

Spurningarnar í GHQ-12 voru þáttagreindar. Fram kom einn þáttur með eigiðgildi yfir einum, sem táknar að spurningarnar hafi allar verið að mæla sömu hugsmíðina, þ.e. líðan. Búin var til ein mæling úr spurningunum 12 með því að leggja þær saman og deila með fjölda þeirra. Kvarðanum var síðan snúið, þannig að einstaklingar sem fengu há gildi á kvarðanum (gildi nálægt fjórum) töldust til þeirra sem hafði almennt liðið vel á undanförunum mánuði en þeim sem tóku lág gildi á kvarðanum (gildi nálægt einum) hafði liðið illa. Cronbah's Alpha var 0,91 sem táknar að hægt er að reiða sig á mælinguna. Tafla 67 sýnir að fólk sem þáði fjárhagsaðstoð haustið 2010 var að meðaltali með gildið 2,9 á kvarðanum yfir líðan. Þetta þýðir að að jafnaði gaf fólk svarmöguleikann *Eins og venjulega* við spurningunum 12 um líðan. Körlum leið betur en konum. Að auki leið fólki sem hætt var á fjárhagsaðstoð þegar könnunin var lögð fyrir, vegna þess að það var komið í launaða vinnu eða á námslán, betur en öðrum þátttakendum í könnuninni. Þessi munur var umtalsverður.

Athygli vekur að ekki kom fram munur á líðan fólks eftir því hvort það hafði sótt virkninámskeið eða ekki. Þegar svör þeirra sem sóttu *Virknibrú* voru skoðuð sérstaklega kom aftur á móti í ljós að 73% þeirra sem mættu ekki á námskeiðið þrátt fyrir að hafa þegið boð um þátttöku kváðust vera vansælli og niðurdregnari undangengnum mánuði en venjulega. Hið sama átti við um þriðjung þeirra sem mættu á námskeiðið. Þessi munur var tölfræðilega marktækur miðað við 95% öryggi.

Tafla 67. Líðan fólks sem þáði fjárhagsaðstoð haustið 2010 – Bakgrunnsgreining

	Meðaltal	Staðalfrávik	Fjöldi svara	Meðaltalssúkur
Heild	2,9	0,7	430	2,9
Kyn **				
Karl	3,0	0,7	280	3,0
Kona	2,8	0,7	177	2,8
Aldur				
18-29 ára	3,0	0,6	223	3,0
30-39 ára	2,8	0,7	123	2,8
40 ára og eldri	2,9	0,7	106	2,9
Menntun				
Grunnskólanám eða minna	2,9	0,7	271	2,9
Stúdentspróf	3,1	0,7	42	3,1
Starfsmenntun/iðnmenntun	2,9	0,7	68	2,9
Háskólamenntun/sérskólanám á háskólastigi	2,9	0,6	47	2,9
Af hverju þiggur þú fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg?				
Atv innumissir/atv innuley si	2,9	0,7	272	2,9
Heilsubrestur/v eikindi/föttun	2,9	0,7	106	2,9
Hvað hefur þú verið lengi samfleytt á fjárhagsaðstoð?				
0-6 mánuði	3,0	0,7	167	3,0
6-12 mánuði	2,9	0,6	94	2,9
Yfir 1 ár	2,9	0,7	176	2,9
Hvaðan koma tekjur þínar? ***				
Fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg	2,8	0,7	275	2,8
Fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg og aðrar tekjur/aðstoð	2,7	0,7	36	2,7
Í launaðri vinnu/nemi á námslánunum	3,3	0,5	72	3,3
Atv innuley sisbætur/örorkubætur/endurhæfingarlífeyrir	2,9	0,7	52	2,9
Barn/börn á framfæri eða ekki				
Ekkert barn	3,0	0,7	338	3,0
Með barn/börn á framfæri	2,9	0,7	119	2,9
Tegund húsnæðis				
Íbúð á almennum markaði	2,9	0,7	221	2,9
Herbergi á almennum leigumarkaði	2,9	0,6	40	2,9
Dvelur hjá öðrum	3,0	0,7	94	3,0
Stuðningsheimili/stofnun/húsnæðislaus	3,1	0,6	22	3,1
Leiguhúsnæði Félagsbústaða/félagasamtaka	2,9	0,8	72	2,9
Fjölskyldugerð				
Einhley p(ur)	3,0	0,7	335	3,0
Einstætt foreldri	2,8	0,7	114	2,8
Hefur þú farið á kynningarnámskeiðið Virkni til velferðar?				
Já	3,0	0,6	163	3,0
Nei	2,9	0,7	290	2,9
Hefur þú farið á virkninámskeiðið?				
Já	2,9	0,7	96	2,9
Nei	2,9	0,7	360	2,9













Marktækur munur er á hópum; * $p < 0.05$, ** $p < 0.01$, *** $p < 0.001$,

°gögnin uppfylltu ekki forsendur marktæktarprófs

0,0 1,0 2,0 3,0 4,0

Í nóvember 2010 voru samskonar spurningar um líðan lagðar fyrir 912 einstaklinga sem valdir voru með tilviljunaraðferð úr þjóðskrá. Rúmlega 38% svarenda voru búsettir í Reykjavík. Líðan þessa hóps var borin saman við líðan fólks sem þáði fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg haustið 2010. Í ljós kom að almenningi í Reykjavík leið að meðaltali betur en þeim sem þáðu fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg (sjá töflu 68).

Tafla 68. Líðan fólks sem þáði fjárhagsaðstoð og líðan almennings í Reykjavík haustið 2010

	Meðaltal	Staðalfrávik	Vikmörk +/-	Fjöldi svara	Meðaltalssútur
Heild ***					
Fólk sem þiggur fjárhagsaðstoð í Reykjavík haustið 2010	2,9	0,7	0,03	430	 2,9
Almenningur í Reykjavík haustið 2010	3,2	0,5	0,02	348	 3,2
Konur ***					
Konur sem þiggja fjárhagsaðstoð í Reykjavík	3,0	0,7	0,03	172	 3,0
Konur í Reykjavík	3,2	0,5	0,02	180	 3,2
Karlar ***					
Karlar sem þiggja fjárhagsaðstoð í Reykjavík	2,8	0,7	0,03	258	 2,8
Karlar í Reykjavík	3,2	0,5	0,02	168	 3,2
18-29 ára ***					
18-29 sem þiggja fjárhagsaðstoð í Reykjavík	3,0	0,6	0,03	209	 3,0
18-29 ára í Reykjavík	3,3	0,4	0,02	86	 3,3
30-39 ára ***					
30-39 ára sem þiggja fjárhagsaðstoð í Reykjavík	2,8	0,7	0,03	119	 2,8
30-39 ára í Reykjavík	3,2	0,4	0,02	72	 3,2
40 ára og eldri ***					
40 ára og eldri sem þiggja fjárhagsaðstoð í Reykjavík	2,9	0,7	0,03	98	 2,9
40 ára og eldri í Reykjavík	3,1	0,5	0,02	190	 3,1

Marktækur munur er á hópum; * $p < 0.05$, ** $p < 0.01$, *** $p < 0.001$,

ogögnin uppfylltu ekki forsendur marktektarprófs.

0 1 2 3 4

NIÐURSTÖÐUR VIÐTALSRANNSÓKNAR

Í þessum hluta er gerð grein fyrir niðurstöðum viðtalanna. Í umfjölluninni er viðmælendum gefin gervinöfn til þess að ekki sé unnt að rekja frásagnir til einstakra aðila. Fjallað er um helstu atriðin sem fram komu við greiningu gagnanna. Þau meginþemu sem birtust í gögnunum eru upplifun af því að vera á fjárhagsaðstoð, upplifun af þjónustu Velferðarsviðs, virkni þátttakenda og framtíðarsýn.

Lífið á fjárhagsaðstoð

Viðmælendur áttu það sameiginlegt að þiggja eða hafa þegið fjárhagsaðstoð til framfærslu hjá Reykjavíkurborg vegna atvinnuleysis eða atvinnumissis. Áður en þeir fóru á fjárhagsaðstoð voru þeir búnir að kanna möguleika á að fá atvinnuleysisbætur. Þær Helga og Jóna, fengu atvinnuleysisbætur að hluta til, en aðstoðina frá Reykjavíkurborg fengu þær til þess að tekjur þeirra næðu þeirri upphæð sem skilgreind er sem lágmarksframfærsla. Aðrir viðmælendur framfleyttu sér eingöngu með fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg.

Nokkuð misjafnt var hvernig það kom til að þátttakendur fóru af vinnumarkaði. Helga hafði sagt upp vinnu úti á landi til þess að geta flust til Reykjavíkur til að annast systur sína, sem var mikið veik. Halldór, Pétur og Guðrún voru ung að árum og höfðu flosnað upp úr námi. Þar sem þau höfðu lítið sem ekkert verið úti á vinnumarkaðnum voru þau ekki búnin að ávinna sér rétt til atvinnuleysisbóta. Jóna var listakona og hafði áður unnið hlutastarf með list sinni. Þar sem um hlutastarf var að ræða átti hún ekki rétt á fullum atvinnuleysisbótum. Magnús var sjálfstætt starfandi áður en hann fór að þiggja fjárhagsaðstoð. Honum hafði láðst að greiða tryggingagjald af launum sínum og átti því ekki rétt á atvinnuleysisbótum þegar fór að halla undan fæti í rekstrinum.

Upplifun viðmælenda af að þiggja fjárhagsaðstoð var nokkuð misjöfn. Elstu viðmælendurnir minntust á að fyrstu skrefin inn í þjónustumiðstöðina hafi verið þung.

Helga: Þetta eru skref sem ég óska ekki nokkrum manni að þurfa að taka, hvorki að ganga inn á Vinnumálastofnun eða leita til borgarinnar.

Þessir viðmælendur fundu fyrir vanmætti yfir því að geta ekki bjargað sér sjálf. Hin neikvæða tilfinning sem fylgdi því að þiggja fjárhagsaðstoð var því fremur hugmynd viðmælenda sjálfra, um að fólk á framfæri hins opinbera nyti minni virðingar en aðrir, en afleiðing fordóma annarra í samfélaginu.

Halldór: Manni finnst þetta ekkert sérlega svona spennandi staður í lífinu [...] og auðvitað hefur þetta alltaf einhver áhrif á sjálfsvirðingu manns, að geta ekki séð sér sjálfur efnalegan farborða og vera kominn upp á hið opinbera.

Upplifun yngstu viðmælendanna var mun jákvæðari. Guðrúnu var til dæmis fyrst og fremst þakklæti í huga. Eftir að hafa verið á fjárhagsaðstoð í nokkra mánuði ákvað hún að hefja nám. Hún sagði fjárhagsaðstoðina vera aðalástæðuna fyrir því að hún væri í námi. Án þessarar aðstoðar gæti hún ómögulega lagt stund á ólánshæft nám. Félagsráðgjafi hennar hafði komið henni í samband við námsráðgjafa og látið hana vita af möguleikanum á að sækja um námsstyrk. En þó yngstu viðmælendurnir ræddu síður neikvæðar hliðar þess að vera á fjárhagsaðstoð, skein það viðhorf samt í gegn að þetta væri engin óskastaða. Til marks um það má nefna að öll sáu þau sig í vinnu eða námi í framtíðinni.

Þegar umræðan barst að því hvernig viðmælendum gekk að framfleyta sér á fjárhagsaðstoðinni kom í ljós að það var mjög misjafnt eftir aðstæðum hvers og eins. Elstu viðmælendurnir virtust eiga hvað erfiðast með að láta enda ná saman. Helga og Magnús voru bæði skuldsett og þegar búið var að greiða af húsnæðislánum um hver mánaðarmót var næstum ekkert eftir. Helga reyndi einkum að draga úr kostnaði við matarinnkaup með því að borða núðlur og grjón, en stundum dugði það ekki til, því óvæntar uppákomur eins og bilun í þvottavél gátu sett allt úr skorðum og skuldirnar hrönnuðust upp. Magnús gat heldur ekki leyft sér neinn munað:

Magnús: Ég hef ekki farið í bíó held ég í fjögur ár, skilurðu mig, á 16 ára bíl sem ég þarf að henda núna um mánaðamótin [...] ja, föt og svona, það hefur algjörlega sko verið látið sitja á hakanum.

Aðstæður á fasteignamarkaðnum voru heldur ekki til þess að bæta stöðu þessa fólks. Magnús bjó einn í rúmgóðri íbúð en gat ómögulega minnkað við sig þar sem íbúðin seldist ekki.

Guðrún var sú eina sem hafði fyrir barni að sjá. Hún kvað það vera erfitt að láta enda ná saman á þeirri upphæð sem hún fær frá Reykjavíkurborg. En með því að leigja félagslegt húsnæði og lifa spart tókst henni að draga fram lífið á bótunum. Halldór og Jóna leigðu íbúð á almennum markaði og kváðust þurfa að neita sér um margt sem ungt fólk gerir sér til skemmtunar. Halldór hafði þó stundum selt plötur og geisladiska úr safni sínu og gat því leyft sér að sækja tónleika einstaka sinnum. Þannig hafði honum tekist að laga sig að því að vera með lágar tekjur og var ekkert ósáttur við þá stöðu sem hann var í. Pétur var sá eini sem sagði að tekjurnar dygðu vel til framfærslu. Pétur bjó í foreldrahúsum og var því í fríu fæði og húsnæði. Hann langaði þó mikið til að flytja að heiman og sá fyrir sér að það gæti gerst þegar bætur hans hækka upp í 125 þúsund krónur nú um áramót.

Í umræðu um upphæð fjárhagsaðstoðarinnar greindi Magnús frá því að hann væri í slæmri stöðu sem karlmaður á fjárhagsaðstoð. Væri hann kona fengi hann hærri tekjur. Magnús var með öðrum orðum á þeirri skoðun að Velferðarsvið Reykjavíkurborgar mismunaði notendum eftir kynferði. Magnús hafði sótt um ýmsa styrki til sviðsins en verið neitað á grundvelli þess að hann stæðist ekki kröfur. Að mati Magnúsar var kynferði hans meginástæða synjunarinnar. Sjálfur kvaðst Magnús þekkja til margra kvenna í svipaðri stöðu og hann var í, sem fengu mun hærri greiðslur frá Velferðarsviði en hann fær.

Magnús: Ég þekki bara svo mikið af konum sem hafa verið í svipaðri stöðu og ég og fengið mun meiri fyrirgreiðslu hjá félagsþjónustunni heldur en ég nokkurn tímann, af því að ég var karlmaður og var ekki alveg svona, ekki eins grátgjarn.

Auk þess að ræða fjárhagslegar hliðar atvinnuleysis greindu viðmælendur frá því hvernig hið daglega líf gekk fyrir sig. Hjá hluta hópsins einkenndist lífið af mikilli einveru. Í samfélaginu eru flestir ýmist í námi eða vinnu á daginn og því getur verið erfitt fyrir atvinnulaust fólk að eiga samskipti við aðra að degi til. Þar að auki kváðust bæði Pétur og Helga glíma við félagsfælni sem kæmi enn frekar í veg fyrir að þau væru mikið úti á meðal fólks. Saga Magnúsar var nokkuð ólík sögu hinna viðmælendanna, því daglegt líf Magnúsar gekk mikið út á tilraunir til að finna lausn á þeirri stöðu sem hann var kominn í. Barátta hans fyrir því að komast á endurhæfingalífeyri og fyrir bættri skuldastöðu kom í veg fyrir að hann einangraði sig heima við.

Magnús: Maður heldur áfram, ég er fara í það núna bara eftir helgina, enn eitt greiðslumat og aftur niður í Íbúðalánasjóð, láta reyna á það. Það er ekkert annað í boði.

Pó Magnús hefði sitthvað fyrir stafni, kom hann fram með skýra ósk um að meira væri gert til að efla félagsleg samskipti fólks sem þáði fjárhagsaðstoð. Magnús vildi gjarnan að í boði væri einhver aðstaða þar sem atvinnulaust fólk gæti hist og rætt um aðstæður sínar og líðan og sótt þannig stuðning hvort frá öðru.

Þjónusta Velferðarsviðs

Viðmælendur skiptust í tvo hópa þegar þeir ræddu upplifun sína af samskiptum við ráðgjafa Velferðarsviðs. Pétur, Guðrún og Magnús hittu félagsráðgjafa sína í hverjum mánuði og þar að auki voru Pétur og Guðrún í töluverðum samskiptum við námsráðgjafa. Helga hafði aftur á móti einungis einu sinni farið í viðtal til félagsráðgjafa og Halldór og Jóna höfðu aldrei rætt við ráðgjafann sinn augliti til auglitis, einungis í gegnum síma.

Viðmælendur sem áttu í reglulegum samskiptum við félagsráðgjafa mátu það mikils. Af frásögn þeirra mátti ráða að samskiptin byggðu á trausti.

Guðrún: Sko, þjónustan er alltaf jafn góð. Hún er alltaf jafn indæl og svona persónuleg tengsl og svona.

Með persónulegum tengslum átti Guðrún við hve mikilvægt henni þótti að félagsráðgjafinn sýndi því áhuga að fræðast um aðstæður hennar og líðan. Sama sjónarmið kom fram í máli Magnúsar. Þó hann væri ekki endilega á því að félagsráðgjafinn gæti leyst öll hans vandamál, þá fannst honum gott að ræða við félagsráðgjafann og finna að ráðgjafinn sýndi bágri stöðu hans skilning. Hann mat það einnig mikils að félagsráðgjafinn gaf sér tíma til að koma málum hans í ákveðinn farveg. Þannig fannst honum sem ráðgjöfin væri einstaklingsmiðuð, þar sem félagsráðgjafinn leggur sig fram við að kynna sér aðstæður hvers og eins.

Magnús: Hún er bara ótrúleg sko, góð í þessu [...] og þegar hún var til dæmis að vinna að ákveðnum málum fyrir mig þarna í sumar, þá hringdi hún í mig, já nánast bara á ótrúlegustu tímum sko [...]. Þannig að hún hefur alveg sýnt mér áhuga sko og mínum málum.

Auk þess að veita tilfinningalegan stuðning, virtust félagsráðgjafar Guðrúnar og Péturs veita þeim gott aðhald. Þannig var Guðrúnu til dæmis gert að skila reglulega inn skriflegum upplýsingum um hvar hún hefði sótt um vinnu og Pétur var beðinn um að halda dagbók þar sem hann skráði hvað hann aðhafðist á daginn. Þau kváðu ráðgjafana einnig aðstoða sig við að finna út hvert þau vilja stefna í framtíðinni og því var síðan fylgt eftir með því koma þeim í samband við námsráðgjafa sem hjálpuðu þeim við að hrinda áformum sínum um nám í framkvæmd. Þetta aðhald gerði þeim gott. Pétur kvaðst til að mynda hafa verið óvirkur lengi en með aðstoð félagsráðgjafans og námsráðgjafans fór hann að sækja oftari um vinnu og var á leið í nám þegar viðtalið var tekið.

Pétur: Það er bara mikið spjallað um svona hluti, hvort ég ætli að fá mér vinnu, hvað ég ætla að gera í framtíðinni og eitthvað svoleiðis.

Sem fyrr segir voru ekki allir viðmælendur svo lánsamir að fá stuðning frá félagsráðgjafa. Þessi ópersónulegu tengsl við félagsráðgjafa áttu sinn þátt í því að viðhorf Halldórs, Helgu og Jónu til þjónustu Velferðarsviðs var mun neikvæðara en viðhorf Péturs, Guðrúnar og Magnúsar. Hin þrjú fyrrnefndu áttu það sameiginlegt að kalla eftir því að ráðgjafarnir sýndu aðstæðum þeirra meiri skilning. Í þessu sambandi má nefna að Halldór hafði uppi áform um að fara í nám, líkt og Guðrún og Pétur. Hann hafði því sótt um námsstyrk, en fékk síðar símtal frá félagsráðgjafanum þar sem honum var tjáð að hann stríddi ekki við nógu mikla félagslega erfiðleika til að eiga rétt á slíkum styrk. Hann fékk því synjun án þess að hafa nokkurn tíma hitt félagsráðgjafann og það fannst honum ósanngjarnt.

Upplifun Helgu var ekki betri þó vissulega hafi hún farið í viðtal til félagsráðgjafa. Helga lýsti viðtalinu sem tímasóun því hún hafi enga ráðgjöf fengið. Helga ræddi skuldavanda sinn við félagsráðgjafann en fékk þau svör að hún yrði að ráða fram úr þessu vandamáli sjálf. Tilfinning Helgu var að félagsráðgjafinn væri útbrunninn og væri ekki til staðar fyrir notendur þjónustunnar.

Helga: Mér fannst hún vera búin að fá alveg nóg af þessu. Hún er bara að mæta í vinnuna af því að hún er með vinnu þarna.

Í viðtölunum greindu viðmælendur einnig frá samskiptum sínum við aðra starfsmenn Velferðarsviðs en félagsráðgjafa. Þar var yfirleitt um að ræða starfsmenn í afgreiðslu þjónustumiðstöðvanna. Aftur skiptust viðmælendur í tvö horn þegar viðmót þessara starfsmanna bar á góma. Starfsmenn í afgreiðslu virtust hafa misgóða þjónustulund og einhverjir viðmælenda höfðu lent á þjónustufulltrúum sem tóku vel á móti þeim en öðrum fannst sem talað væri niður til þeirra þegar þeir mættu í þjónustumiðstöðina. Frásagnir þeirra Jónu og Helgu benda til þess hve miklu máli það skiptir fyrir notendur að finna að starfsfólk þjónustumiðstöðvanna líti á notendur þjónustunnar sem jafningja sína:

Helga: Ég var svo ofboðslega heppin að konan sem ég talaði við fyrst, hún var alveg yndisleg. Hún var ekki svona dómínerandi. Hún var viðkunnaleg og vingjarnleg og lét mér ekki líða eins og ég væri skíturinn undir skónum hjá henni.

Jóna: Það var til dæmis þessi kona sem að ég hélt að þoldi mig ekki. Hún talaði við mig eins og ég væri fimm ára krakki. Eins og: „Þetta eru nú bara reglur, væna mín“ sem að er ekki alveg það sem maður þarf þegar maður kemur þangað.

Með orðum sínum um að slík framkoma væri ekki það sem hún þyrfti á að halda var Jóna að vísa til þess hve erfitt henni þótti að stíga fyrstu skrefin inn á þjónustumiðstöðina. Henni fannst niðurlægjandi að þurfa að biðja um fjárhagsaðstoð en betra viðmót þjónustufulltrúans hefði getað auðveldað henni þessi fyrstu skref.

Meiri samhljómur var í svörum viðmælenda þegar umræðan leiddist út í hvort og þá hvað Velferðarsvið gæti gert til að bæta þjónustu sína við notendur. Það var samdóma álit þátttakenda að það skorti betri kynningu á réttindum þeirra sem þiggja fjárhagsaðstoð til framfærslu.

Guðrún: Maður hefur aldrei fengið neitt sko, heldur maður heyrir einhvers staðar úti í bæ og þá spyr maður bara, já, bíddu, þessi hefur fengið svona, bíddu er þetta hægt?

Til marks um það hve lítið þátttakendur vissu um þær reglur sem gilda um fjárhagsaðstoð, hafði enginn þeirra heyrt talað um heimildagreiðslur. Í reynd þáði einn viðmælandi þó heimildagreiðslur og annar hafði sótt um slíkar greiðslur. Þetta voru þau Guðrún og Pétur sem höfðu bæði sótt um aðstoð vegna náms. Svo virðist þó vera sem þau hafi ekki þekkt það hugtak sem notað er yfir þessar greiðslur.

Samfélagsþáttaka og virkniúrræði

Þátttaka viðmælanda í virkniúrræðum á vegum Reykjavíkurborgar var misjöfn, enda var ætlun rannsakenda að ræða bæði við fólk sem hefði tekið þátt í virkniúrræðum og þá sem ekki höfðu reynt af þátttöku. Pétur og Halldór höfðu báðir tekið þátt í *Virknibrúnni* og Halldór hafði auk þess farið á kynningarfundinn *Virkni til velferðar*. Það vakti athygli að báðir héldu þeir að þátttaka í námskeiðinu væri skylda. Félagsráðgjafar þeirra höfðu samband við þá og sögðu þeim frá námskeiðinu og í kjölfarið hófu þeir þátttöku án þess að reyna að biðjast undan því. Pétur sagðist reyndar hafa verið frekar neikvæður í fyrstu og því er óvíst hvort hann hefði samþykkt boð um þátttöku hefði hann ekki haldið að honum væri það skylt.

Pétur: Ég var svona smá svona ohhh þarf ég endilega að fara að mæta á eitthvað núna nokkrum sinnum í viku. Svo þegar ég var kominn á þetta þá svona byrjaði þetta svona aðeins svona að fljóta bara svona.

Pétur og Halldór sögðu báðir frá upplifun sinni af þátttöku í námskeiðinu og hvernig þeir töldu námskeiðið geta gagnast þeim. Báðir voru þeir ánægðir með að hafa átt kost á þátttöku í *Virknibrúnni* á grundvelli þess að námskeiðið hafi brotið upp þeirra daglega mynstur. Þannig sagði Pétur að námskeiðið hefði virkjað hann til frekari þátttöku í samfélaginu:

Pétur: Þetta var allavega nóg til að koma mér aðeins í gang. Ég er búinn að vera svo, hvernig á ég að segja, svona óvirkur lengi.

Óvirkni Péturs fólst í því hve erfitt hann átti með að koma sér út úr húsi og eiga í samskiptum við annað fólk. Hann sat gjarnan heima í tölvunni, langt fram á nótt og svaf á daginn. En þó báðir væru ánægðir með að hafa fengið eitthvað til að aðhafast yfir daginn, var sýn þessara ungu manna á hvað ætti að fara fram á námskeiði sem þessu nokkuð ólík. Pétur stríddi við

félagsfælmi sem var ein ástæða þess að honum hafði gengið illa að stunda nám og vinnu. Á námskeiðinu var meðal annars farið í hópeflis- og sjálfseflandi æfingar sem komu sér vel fyrir Pétur. Eftir á að hyggja var hann því feginn því að hafa fengið tækifæri til að efla sig í félagslegum samskiptum með hjálp þeirra sem að námskeiðinu stóðu. Halldór var á öndverðum meiði og fannst að á námskeiðinu væri of mikið um að fólk væri að sitja og spjalla eða spila. Athafnir sem ætlaðar eru til að efla þátttakendur í mannlegum samskiptum fannst honum hálfgerð tímaeyðsla. Hann hefði heldur viljað verja meiri tíma í náms- og atvinnutengd úrræði.

Jóna hafði þegið boð um kynningarfundinn *Virgni til velferðar* en mætti ekki á fundinn. Aðspurð um ástæðu þess að hún mætti ekki, sagði hún að óvænt uppákoma hafi komið í veg fyrir að hún kæmist. Í raun taldi Jóna að það gerði ekki mikið til þó hún hafi misst af fundinum þar sem hún bjóst ekki við því að skilja allt sem þar færi fram. Jóna var að miklu leyti alin upp erlendis og kvaðst eiga erfitt með að skilja íslenskt sérfræðimál. Hún var því greinilega búin að gefa sér að á fundi sem þessum færi fram kynning á einhverju sem hún gæti ekki tileinkað sér.

Guðrún og Magnús höfðu reynslu af virkniúrræðum þó hvorugt þeirra hefði tekið þátt í *Virknibrú*. Guðrún var um tíma á atvinnuleysissskrá og þá bauðst henni að taka þátt í námskeiði á vegum átaksverkefnisins *Ungt fólk til athafna*. Reynsla hennar af þátttöku í því verkefni var mjög góð. Ánægjan fólst einkum í því að hafa eitthvað fyrir stafni, en einnig að fá tækifæri til að fræðast um efni sem hún hefði annars ekki haft tæk á, vegna slæmrar fjárhagsstöðu.

Guðrún: Ég held líka að þetta sé svolítið gott að fá svona viðurkenningaskjal fyrir ljósmyndun [...] og boðið upp á þetta frítt. Það var náttúrulega bara meiriháttar.

Magnúsi taldi sig vera of lasburða til að geta tekið þátt í úrræðum Reykjavíkurborgar eins og staðan væri í dag, en hann hafði þó áður tekið þátt í námskeiði á vegum borgarinnar. Áður en Magnús fór að starfa sjálfstætt þáði hann fjárhagsaðstoð frá Félagsþjónustu Reykjavíkurborgar. Á þeim tíma bauðst honum að taka þátt í fjármálanámskeiði. Þó Magnús hafi verið neikvæður í garð úrræðisins í fyrstu, sá hann fljótt að námskeiðið gæti nýst honum vel. Síðan þá hefur Magnús nýtt sér margt af því sem hann lærði á námskeiðinu, bæði í starfi

og í hinu daglega lífi. Magnús lærði að halda gott skipulag yfir tekjur sínar og fjárútlát, sem kom sér vel fyrir mann sem býr við þröngan fjárhag.

Helga hafði enga reynslu af virkniúrræðum en virkni hennar fólst í því að hún hafði nýverið fengið hlutastarf. Þó fjárhagurinn væri enn í molum, hafði líf hennar tekið stakkaskiptum við það að komast út og vera á meðal fólks. Hvort sem viðmælendur höfðu tekið þátt í virkniúrræðum eða ekki, skein það viðhorf í gegn, að einhvers konar virkni, hvort sem um væri að ræða nám, vinnu eða þátttöku í úrræði, væri mun betri kostur en að sitja heima aðgerðarlaus.

Yfirleitt voru viðmælendur sammála um að virkiúrræði bæru árangur. Árangurinn fólst einkum í því að koma fólki af stað í ákveðna rúttínu. Af frásögnum viðmælenda má ráða að þegar fólki er gert að taka reglulega þátt í skipulögðu starfi er auðveldara að stíga næstu skref í átt til aukinnar virkni. Þannig fór Pétur til dæmis að stunda ræktina eftir að hann lauk þátttöku í *Virknibrúnni*. Einnig fannst honum námskeiðið hjálpa honum að móta sér skýrari sýn á hvað hann vildi gera í framtíðinni og þegar viðtalið var tekið hafði hann uppi áform um að hefja nám. Á sama hátt var þátttaka í námskeiðinu á vegum *Ungs fólks til athafna* Guðrúnu hvatning til frekari náms.

Guðrún: Þetta var svona hvatning einhvern veginn. Ég hafði aldrei farið inn í ljósmyndun og þetta var rosalega gaman, alveg mjög gaman sko...þannig að um að gera að hafa eitthvað svona...bjóða svolítið upp á einhverja hjálp.

Þegar viðmælendur ræddu eigin reynslu af virkniúrræðum komu þeir gjarnan inn á það hvernig virkniúrræði kæmu sér best fyrir þau. Atriði sem viðmælendur töldu skipta máli voru lík samsetning hópsins sem sækir úrræðin og fjölbreytni í framboði úrræða. Þannig var talið skipta máli að þátttakendur væru á svipuðum aldri og að notendur hefðu bæði val um úrræði sem hafa það að markmiði að efla fólk í mannlegum samskiptum og náms- eða starfstengd úrræði. Eins og áður hefur verið minnst á hafði Halldór til dæmis að eigin mati ekki þörf fyrir sjálfsstyrkjandi úrræði. Hann hafði aftur á móti heyrt talað um að einhvers staðar væri verið að bjóða upp á námskeið í grafískri hönnun, sem hann gæti vel hugsað sér að sækja. Öfugt við Halldór hafði Helga engan áhuga á náms- eða starfstengdum úrræðum, en hún fann hjá sér þörf fyrir að komast yfir félagsfælnina sem hún stríddi við.

Framtíðarsýn

Viðmælendur áttu það sameiginlegt að sjá sig sem virka þátttakendur í samfélaginu í framtíðinni. Sumir höfðu hug á að fara í nám en aðra langaði út á vinnumarkaðinn. Viðmælendur sáu bæði sálrænan og fjárhagslegan ávinning í því að virkja sig enn frekar til þátttöku í samfélaginu. Öll töldu þau sig munu hafa það betra ef þeim tækist að hækka tekjur sínar með því að ráða sig í starf. Þá höfðu sumir orð á því að líðan þeirra myndi batna við að komast í hóp þeirra sem almennt njóta meiri virðingar í samfélaginu. Sálrænn ávinningur vinnunnar birtist einnig í því að það hlyti að fylgja því góð tilfinning að hafa eytt orku sinni í eitthvað sem kemur samfélaginu öllu til góða:

Pétur: Þá auðvitað svona að fá smá „satisfaction“ af að geta farið í vinnuna og komið heim eftir erfiðan dag eða svoleiðis.

Það sem viðmælendur töldu helst að kæmi í veg fyrir að framtíðarsýn þeirra yrði að veruleika var atvinnuástandið í þjóðfélaginu. Að mati viðmælenda voru horfur á vinnumarkaði ekki góðar. Atvinnuástandið í þjóðfélaginu hafði það slæm áhrif á Jónu að hún sá enga framtíð hér á landi. Hennar draumur var að komast til útlanda og vinna þar við list sína. Viðmælendur sem voru í námi eða hugðu á nám töldu þó að staða þeirra myndi batna við að mennta sig og öðlast þannig sérþekkingu á ákveðnu sviði. Einn þeirra hafði orð á því að eina atvinnan sem væri auglýst í dag væri fyrir fólk með einhverja menntun.

Framtíðarsýn Magnúsar var nokkuð ólík sýn annarra viðmælenda. Magnús stefndi ekki á að komast út á vinnumarkaðinn í nánustu framtíð. Hann var of veikburða til þess. Magnús eygði eigi að síður von um að komast einhvern tíma út á vinnumarkaðinn aftur. Barátta hans fyrir því að komast á endurhæfingalífeyri var einmitt háð til þess að hann gæti öðlast starfsgetu að nýju. Örorka var ekki inni í myndinni því að mati Magnúsar var útséð um að hann færi nokkurn tíma aftur að vinna ef hann færi í gegnum örorkumat. Í eftirfarandi orðum Magnúsar felst því ákveðin von um samfélagslega virkni í framtíðinni:

Magnús: Endurhæfingalífeyrir er sko fyrir fólk eins og mig sem þarf að ná heilsu aftur [...]. Aftur á móti það að vera öryrki til æviloka, bara það er eitthvað sem þú bara ferð á og búið.

Þó hér væri um ólíka einstaklinga að ræða, sem voru í ólíkri stöðu, áttu viðmælendur það því sameiginlegt að vilja hætta að þiggja fjárhagsaðstoð í framtíðinni. Ýmislegt þurfti að breytast til þess að þessi von þeirra yrði að veruleika. Ytri aðstæður þyrftu að batna, en af orðum viðmælenda mátti einnig ráða að þau gætu einnig sjálf haft áhrif á stöðu sína með því að vinna í því að ná betri andlegri og líkamlegri heilsu og með því að mennta sig.

UMRÆÐA

Einn tilgangur með rannsókninni var að greina aðstæður þeirra sem þiggja fjárhagsaðstoð hjá Reykjavíkurborg. Niðurstöður könnunarinnar leiddu í ljós að fólki reyndist erfitt að framfleyta sér á þeim tekjum sem það hefur frá Reykjavíkurborg. Sama sjónarmið kom fram í viðtölum við sex einstaklinga sem þáðu fjárhagsaðstoð. Einungis einn viðmælenda átti auðvelt með að framfleyta sér á upphæð fjárhagsaðstoðarinnar, en sá þjó í foreldrahúsum og var í fríu fæði og húsnæði. Í viðtölunum mátti auk þess merkja að lífið á fjárhagsaðstoð væri fremur einmanalegt. Í samfélaginu eru flestir ýmist í námi eða vinnu á daginn og því getur verið erfitt fyrir atvinnulaust fólk að eiga samskipti við aðra að degi til. Af þessum sökum bar einn viðmælendi upp þá ósk að meira væri gert til að efla félagsleg samskipti fólks sem þæði fjárhagsaðstoð.

Þjónusta Velferðarsviðs var könnuð með spurningum um viðmót þeirra sem starfa í afgreiðslu þjónustumiðstöðvanna og ýmsum spurningum um þann félagsráðgjafa sem notendur hittu oftast. Niðurstöður benda til þess að það ríki almenn ánægja með þjónustufulltrúa og ráðgjafa sem starfa í þjónustumiðstöðvunum. Notendur voru almennt á því að félagsráðgjafarnir væru vingjarnlegir og að þeir veittu góða aðstoð við ýmis vandamál. Aftur á móti voru notendur dreifðari í afstöðu sinni til þess hvort félagsráðgjafarnir veittu þeim upplýsingar um réttindi sín. Ósk um betri kynningu á réttindum kom einnig fram hjá allnokkrum þegar spurt var hvað Velferðarsvið gæti gert til að bæta þjónustu sína við notendur. Þessi vanþekking á réttindum fólks sem þiggur fjárhagsaðstoð endurspeglar í því að stór hluti hópsins vissi ekki að hægt væri að sækja um heimildagreiðslur. Sama sjónarmið kom fram í viðtölunum. Almennt séð voru viðmælendur ánægðir með þá þjónustu sem Velferðarsviðið veitti, en vildu þó fá aukna kynningu á réttindum sínum. Vert er að benda á að á námskeiðinu *Virknibrú* er sérstök kynning á réttindum fólks sem þiggur fjárhagsaðstoð.

Þar sem fram kom skýr ósk um aukna kynningu á réttindum er vert að hvetja til aukinnar þátttöku á námskeiði eins og *Virknibrúnni*.

Annar tilgangur með rannsókninni var að meta virkni fólks sem þiggur fjárhagsaðstoð. Ef marka má viðhorf notendanna sjálfra, hefur vel tekist til með kynningarnámskeiðið *Virkni til velferðar* og lengri virkninámskeið sem hafa verið í boði. Meirihluti taldi að efnið sem farið var í á kynningarnámskeiðinu og á virkninámskeiðunum muni nýtast þeim í framtíðinni. Á sömu skoðun voru viðmælendur sem höfðu reynslu af þátttöku í virkniúrræðum. Úrræðin voru þeim ákveðinn hvati til aukinnar samfélagslegrar þátttöku. Til dæmis var einn viðmælandi sem hafði snúið sólarhringnum við í atvinnuleysinu farinn að vakna á morgnana til að fara í ræktina og virkniúrræði var öðrum hvatning til áframhaldandi náms. Meirihluti þátttakenda í könnuninni sem ekki höfðu fengið boð um virkniúrræði höfðu áhuga á að taka þátt í námskeiði á vegum Reykjavíkurborgar sem ætlað er að efla virkni þeirra og þátttöku í samfélaginu. Í viðtölum við tvo einstaklinga sem ekki höfðu kynnst virkniúrræðum kom sömuleiðis í ljós að virkni af einhverju tagi væri mun betri kostur en að sitja heima í aðgerðarleysi.

Mat notendanna sjálfra á árangri virkniúrræðanna segir þó einungis hálfa sögu. Í þeim tilgangi að meta hvort fólk sem hafði tekið þátt í virkniúrræðum væri virkari í atvinnuleit voru þátttakendur í könnuninni spurðir hvenær þeir sóttu síðast um starf og hversu oft þeir hefðu sótt um starf á síðastliðnum þremur mánuðum. Niðurstöður leiddu í ljós að þeir sem farið höfðu á kynningarnámskeiðið *Virkni til velferðar* voru virkari í atvinnuleit en þeir sem ekki höfðu sótt slíkt námskeið. Bæði sóttu þessir einstaklingar oft um starf en hinir og eins var styttra liðið frá því þeir sóttu síðast um starf. Þessar niðurstöður gefa ákveðnar vísbendingar um að kynningarnámskeiðið skili þeim árangri að fólk verði virkara í atvinnuleit. Það kom aftur á móti ekki fram munur á virkni notenda eftir því hvort það hafði sótt lengri virkninámskeið eða ekki. Það má velta því fyrir sér hvernig á því stendur, en vera má að sum virkninámskeiðanna miði ekki beinlínis að því að efla fólk í atvinnuleit, heldur til dæmis hjálpa fólki að glíma við andlega vanlíðan. Eins kann að vera að nokkuð langt sé liðið frá því að hluti hópsins lauk þátttöku í virkniúrræði.

Virkni ungs fólks sem þáði fjárhagsaðstoð var borin saman við virkni ungs fólks á atvinnuleysisbótum. Í ljós kom að ungt fólk á atvinnuleysisbótum var virkara í atvinnuleit sinni en ungt fólk sem þáði fjárhagsaðstoð. Þó erfitt sé að bera atvinnuleit þessa tveggja hópa

saman vegna ólíkrar samsetningu þeirra, bendir þessi niðurstaða eigi að síður til þess að rétt sé að halda vel utan um ungt fólk sem þiggur fjárhagsaðstoð og hvetja til aukinnar virkni þeirra, til dæmis með námskeiðum sem aukið geta færni þeirra og getu til að sækja um störf.

Líðan notenda sem höfðu farið á kynningarnámskeiðið *Virkni til velferðar* og þeirra sem höfðu farið á lengri virkninámskeið var borin saman við líðan þeirra sem ekki höfðu sótt slík námskeið. Ekki kom fram munur á líðan fólks eftir þátttöku í virkniúrræðum þegar spurningarnar um líðan voru skoðaðar sem ein heild. Aftur á móti kom fram munur á svörum við spurningunni um hvort svarendur hefðu verið vansælir og niðurdregnir undangenginn mánuð eftir því hvort þeir mættu í *Virknibrúna* eða ekki. Þeir sem mættu ekki á námskeiðið þrátt fyrir að hafa þegið boð um þátttöku höfðu verið vansælli og niðurdregnari undangenginn mánuð en þeir sem mættu á námskeiðið. Sömuleiðis bentu svör við þessari sömu spurningu til þess að körlum sem þáðu boð um þátttöku á námskeiðinu liði verr en konum, en karlar mættu síður á námskeiðið. Þetta bendir til þess að líðan hafi töluvert um það að segja hvort fólk skili sér á námskeiðið eftir að hafa þegið boð um þátttöku. Eins kann að vera að þátttaka í námskeiðinu hafi orðið til þess að bæta andlega líðan þeirra sem það sóttu.

Pá er athyglisvert að bera saman líðan fólks sem þáði fjárhagsaðstoð og þess hóps sem kominn var með vinnu eða farinn í lánshæft nám þegar könnunin var gerð. Í ljós kom að fólki sem framfleytti sér á launatekjum eða námslánum leið betur en þeim sem framfleyttu sér á fjárhagsaðstoðinni frá Reykjavíkurborg. Eins kom í ljós að almenningi í Reykjavík leið almennt betur en þeim sem þáðu fjárhagsaðstoð. Gera má ráð fyrir því að meirihluti almennings sé í launaðri vinnu. Þannig má segja að ef úrræðin verða til þess að skapa fólki störf, þá muni það hafa ótvíræða kosti í för með sér fyrir heilsu og líðan fólks.

Það vakti athygli að nokkuð stór hópur mætti ekki á kynningarnámskeiðið *Virkni til velferðar* þrátt fyrir boð um þátttöku. Það má velta því fyrir sér hvers vegna notendur nýta sér ekki betur þau úrræði sem eru í boði. Algengasta ástæðan sem þátttakendur gáfu fyrir því að mæta ekki á kynningarnámskeiðið eða í lengri virkniúrræði var að þeir hefðu ekki tíma. Könnunin veitir ekki svör við því hvað þessir notendur voru svona uppteknir við, en áhugavert væri að skoða það nánar. Hér er einnig vert að minnast á hve erfiðlega gekk að fá einstakling í viðtal sem hafði þegið boð um þátttöku í virkniúrræði en ekki mætt. Þetta vekur



upp spurningar um hvort einhver hluti hópsins eigi af einhverjum ástæðum erfitt með að standa við skuldbindingar sínar, til dæmis vegna andlegrar vanlíðan.



HEIMILDIR

Ásdís A. Arnalds og Ingibjörg Lilja Ómarsdóttir. (2010). *Könnun á viðhorfum ungs fólks á atvinnuleysissskrá til átaksverkefnisins „Ungt fólk til athafna“*. Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.

Kvale, S. (1996). *InterViews. An introduction to qualitative research interviewing*. California: Sage.

Rannveig Traustadóttir. (1993). *Könnun á atvinnuhögum nemenda brautskráðum frá starfsdeild Öskjuhlíðarskóla*. Reykjavík: Landssamtökin Proskahjálp.

Sigurlína Davíðsdóttir. (2003). Eigindlegar eða megindlegar rannsóknaraðferðir? Í Sigríður Halldórsdóttir og Kristján Kristjánsson (ritstjórar), *Handbók í aðferðafræði og rannsóknum í heilbrigðisvísindum*. Akureyri: Háskólinn á Akureyri.

VIÐAUKI I

Hvað, ef eitthvað, gæti Reykjavíkurborg gert til að bæta þjónustu sína við þá sem þiggja fjárhagsaðstoð?

Hækkað bæturnar

- Þeir sem eru á fjárhagsaðstoð fái lágmarksframfærslu, þetta eru allt of lágar upphæðir, sérstaklega fyrir fólk með börn.
- Snýst ekki beint um þjónustu heldur það að það er ekki hægt að ná endum saman á fjárhagsaðstoð. Ef það á að hjálpa fólki á það að vera þannig að fólk geti lifað á þessu, án þess þó að það lifi lúxuslífi.
- Skapa fleiri störf. Hækka styrkinn.
- Passa upp á að fólk sé ekki að vinna svart eða svindla. Hækka lágmarkslaunin þannig að fólk geti lifað á þeim.
- Of lítil laun.
- Minnka pappírinn í kringum þetta og hækka þetta lágmark sem fólk er að fá, fulllág.
- Meiri pening.
- Hærri styrki.
- Hærri laun og láta fólk vita af réttindum þess.
- Hærri fjárhagsaðstoð.
- Hækkað tekjurnar.
- Hækkað hana.
- Hækkað framfærsluna.
- Hækkað fjárhagsaðstoðina.
- Hækkað fjárhagsaðstoðina, lækka leikskólagjald og lækka gjald á heitum mat í skólum.
- Hækkað bæturnar.
- Hækkað bæturnar og gert meira við barnafólk.
- Hækkað bæturnar. Hærri tannlæknastyrk sérstaka fjárhagsaðstoð þegar viðkomandi er með börnin hjá sér.
- Hækkað bætur. Fleiri ráðgjafar.
- Hækkað aðstoðina.
- Hækkað aðstoðina til fólks.
- Hækka þessar greiðslur.
- Hækka upphæðina. Hún er of lág.

-
- Hækka upphæðina svo að endar nái saman og svo hægt sé að kaupa mat, en ekki svo há að það sé letjandi fyrir fólk að leita sér að vinnu.
 - Hækka launin.
 - Hækka launin og hjálpa manni í gegnum kerfið.
 - Hækka greiðslur vegna fjárhagsaðstoðar.
 - Hækka greiðslur til þeirra sem eru á fjárhagsaðstoð.
 - Hækka framfærsluna.
 - Hækka fjárhagsaðstoðina.
 - Hækka fjárhagsaðstoðina.
 - Hækka fjárhagsaðstoðina.
 - Hækka fjárhagsaðstoðina.
 - Hækka fjárhagsaðstoðina, bjóða upp á betri og gagnvirkari námskeið og kennslu fyrir þá sem geta nýtt sér það.
 - Hækka fjárhagsaðstoðina.
 - Hækka fjárhagsaðstoðina.
 - Hækka bæturnar. Fullt af fólki sem þyrfti á meiri aðstoð að halda.
 - Hækka bæturnar.
 - Hækka bæturnar.
 - Hækka bæturnar.
 - Hækka bæturnar.
 - hækka bæturnar.
 - hækka bæturnar.
 - Hækka bæturnar, lækka leiguna.
 - Hækka bæturnar.
 - hækka bæturnar.
 - hækka bæturnar.
 - hækka bæturnar.
 - Hækka bætur.
 - Hækka bætur.
 - Hækka bætur.
 - Hækka aðstoðina og bæta við "góðum" félagsráðgjöfum.
 - Hækka bæturnar.
 - Getur hækkað styrk sem þurfa á því að halda.
 - Fjárhagsaðstoðin þyrfti að vera hærri.
-

- Fjárhagsaðstoðin er greidd 3. hvers mánaðar og það er óþægilegt. Upphæðin er of lág.
- Finnst að öryrkjar ættu að fá aðeins hærra bætur, fara betur með þá.
- Bæti við launin. 115 þús framfleyta ekki manneskju. Bensín á bílinn og alltaf eitthvað sem kemur upp. Borga fyrir síma.
- Bæta fjárhagsaðstoðina.
- Auka tekjurnar.
- Auka fjárhagsaðstoðina. Einnig að breyta því að ef fólk fær 50% atvinnuleysisbætur og fjárhagsaðstoð aukalega kemur það ver út en ef viðkomandi fengi eingöngu fulla fjárhagsaðstoð.
- Aðallega að innrétta að þörfum mismunandi fólks. Sumir atvinnulausir, sumir á örorku. Finna vinnur fyrir fólk og sumir eru ekki búnir með eins mikið nám. Fjárhagsaðstoðin er of lítil, en það er pólitískt.
- Að vera með hærra tekjur fyrir fólkið.

Aukin úrræði/námskeið/aðstoð við fólk í atvinnuleit

- Væri til í fara á námskeið, eins og endurmenntun eða atvinnutengt.
- Vantar meira aðhald, fleiri námskeið fyrir fólk. Grettistak var fínt en svo þegar því lýkur þá er maður á sama stað og byrjaði og margir segja þessa sögu.
- Reyna fá fólk til að gera eitthvað sjálft. Hjálpa fólki til sjálfhjálp. Passa að hafa ekki rammann of þröngan þannig að fólk passi ekki inn í hann. Spyrja fólk hvernig eigi að hjálpa því.
- Hjálpa fólki meira úti. Erfitt að finna atvinnu.
- Koma fólki í virkni.
- Bjóða uppá fleiri námskeið. Hækka bætur.
- Auka möguleika á útivist t.d. þegar maður er búinn að vera atvinnulaus lengi til að byggja sig upp. Auka vinnuna í landinu. Erfitt að lifa á því sem maður fær.
- Að aðstoða fólk betur við atvinnuleit.
- Verið með meiri námskeið í virkni.
- Upplifir skort á úrræðum fyrir mann í hans aðstöðu. Margt til, en ekkert sem hentar honum. Vantar að þróa aðstoðina, fer aftur í tímann í staðinn fyrir áfram.
- Halda námskeið. Þínu eins og búið sé að gefast upp á því að þeir sem þiggja fjárhagsaðstoð geti/séu að leita sér að vinnu - hjálpa þeim að gera ferilskrá eða bara almennt að finna vinnu.
- Halda fleiri námskeið fyrir fólk 18-29 ára.
- Hafa meiri í boði, fleiri úrræði.

- Reyna að styðja fólk við að koma þeim aftur út í lífið, ekki halda þeim í fátækragildru. Hjálpa fólkum við að mennta sig betur, viðkomandi varð að hætta háskólanámi því hann/hún hafði ekki efni á því lengur.

Betra viðmót

- Hlýlegra viðmót hjá félagsráðgjöfum. Vil frekar aðstoð frá reyndara fólkum en frá þeim sem eru nýútskrifaðir.
- Hlusta meira og trúa fólkum.
- Hafa þetta aðeins meira á mannlegu nótunum. Reyna að sjá betur þegar fólk er komið fram á hengiflugið.
- Hafa betra samband á milli ráðgjafa og afgreiðslunnar frammi.
- Gera sér grein fyrir að á bakvið tölur er fólk, einbeita sér að því að aðstoða fólk en að skila góðum tölum á blað.
- Fjölga starfsfólki til að minnka álag á þeim sem eru þarna.
- Finnst að fólk eigi að vera með vit í hausnum sem er að vinna við svona störf. Viðmót gagnvart fíklum ekki gott - fólk skilur ekki fíkla og það voru miklir fordómar.
- Fá starfsfólk í afgreiðslu í jákvæðninámskeið.
- Fá fleiri góða félagsráðgjafa til starfa, ekki allir félagsráðgjafar góðir.
- Einstaka skemmt epli í afgreiðslu þjónustumiðstöðva.
- Bæta viðmót starfsmanna í afgreiðslu. Einnig síður skemmtilegt að þurfa tala um sín vandamál í afgreiðslunni.
- Bæta samskiptin, ekkert hugsað um fólk í blokkinni hans (öryrkjar o.fl. fólk). Háir honum ekki beint, en hann tekur eftir að fólk er mjög einmana, má ekki hafa gæludýr. Leysa upp í þessum reglugerðum. Reykjavíkurborg lét stela bílnum hans, hann var kominn í þá aðstöðu að geta ekki greitt bifreiðaskatt og þeir klipptu af bílnum, svo setti hann bílinn í skúrinn, svo fór hann að fiska rækjur, og kom heim og þá var bílinn horfinn og hann hefur ekki séð hann síðan. Segir að Reykjavíkurborg hafi stolið bílnum.
- Bæta afgreiðsluna. Þegar hringt er þá þarf að bíða mjög lengi.
- Betra viðmót afgreiðslustarfsfólks.
- Betra starfsfólk. Vantar áhugann á starfinu.
- Viðmót til einstaklinga - fólk sem sækir um aðstoð er ekki heimskt. Kerfið er slæmt, uppfylla þröng skilyrði til að fá aðstoð.
- Verið í betri samskiptum við fólk. Hærri tekjur. Eru ekki alltaf að skilja mann.
- Vera kurteisari, sýna meiri virðingu.
- Vera í meiri samskiptum við þá sem þiggja fjárhagsaðstoð.

- Vandamálið eru atvinnuleysisbæturnar. Hef ekki hitt eina manneskju sem hefur ekki fengið stæla frá stofnuninni.
- Svvara betur í símann.
- Starfsfólkið þarf að vera betur upplýst.
- Starfsfólk á ekki að sýna yfirleitt og hroka.
- Mættu reyna að hafa aðstoðina persónulegri. Ekki hafna fólki vegna sparnaðar, ekki tilbúnir að veita tiltekna aðstoð og maður fær á tilfinninguna að það sé vegna sparnaðar.
- Miða við einstaklinginn og hlusta á fólk.
- Meiri tíma fyrir einstaklinginn í þjónustumiðstöðunum, erfitt að fá viðtal þar.

Betri upplýsingar um réttindi og þjónustu

- Þegar maður kemur fyrst í viðtal að telja þá upp það sem er í boði fyrir fólk sem þiggur fjárhagsaðstoð.
- Þegar maður kemur í fyrsta viðtal þá fengi maður upplýsingablað um hvaða gögn þarf að skila inn fyrir umsóknirnar og hvaða friðindi standa til boða eins og sundkort og bókasafnskort. Mætti vera lítill bæklingur með svona tjekk lista. Auðvelda því það þarf að skila svo mörgum blöðum inn.
- Vera skýrari um hvaða réttindi maður hefur.
- Vera duglegri við að upplýsa mann um aukahjálp sem hægt er að fá.
- Veitt upplýsingar án þess að þurfa að draga þær út úr þeim.
- Veitt nákvæmari upplýsingar um þá möguleika sem bjóðast.
- Veita fólki betri upplýsingar um réttindi sín með því að senda kynningarpóst heim. Alltaf verið að skipta um fólk í þjónustumiðstöðinni. Þær eru stundum dónalegar sem borga út launin. Mættu borga fyrr á daginn, ekki eftir kl 15.
- Veita betri upplýsingar um réttindi þeirra sem þiggja fjárhagsaðstoð.
- Upplýsa fólk fyllilega um þau réttindi sem það á rétt á og ekki vera að flækja málin með endalausum pappírur og undirskriftum. Honum finnst stundum eins og reynt sé að gera málin flóknari t.d. með því að fresta.
- Upplýsa betur hver staða manns er, útskýra hvað maður getur mögulega gert. Þarf að bæta ýmislegt.
- Til dæmis mætti senda manni upplýsingar um útreikninga svo maður sjái að maður sé að fá réttar greiðslur, hálfgerðir launaseðlar. Framfærslustyrkurinn er að auki allt of lágur. Upphæðin ekki í samræmi við húsaleiguverð.
- Standa vörð um réttindin og upplýsa fólk. Henni finnst hún stundum þurfa að komast að réttindum sínum sjálf.

- Skrifa bækling á fleiri tungumálum.
- Sent í e-mail þau réttindi sem maður á, einföld útgáfa. Í öðru bréfi ef þú vilt lesa eitthvað nánar um þessi réttindi þá má bara smella á linkinn. Hafa þetta bara allt á vefsíðunni og það á að vera hægt að leita, alltof mikið í boði á vefsíðunni. Of flókinn vefsíðan og ekki hægt að finna það sem maður leitar að.
- Senda meiri upplýsingar með tölvupósti og vísa í heimasíðu.
- Segja meira frá réttindum.
- Meiri upplýsingar til þeirra um þeirra réttindi, sérstaklega með vinnur. Hafa þetta meira eins og vinnumiðlun. Ámælisvert að fólk sem þarf að fara á bætur og dettur út af atvinnuleysissskrá hafi ekki rétt til að sækja um sömu vinnur og þeir sem eru á skránni.
- Meiri upplýsingar snemma, ýtarlegur bæklingur.
- Málið snýst um að fólk geti lifað á því sem það fær, án þess að treysta á matarraðir eða fjárhagsaðstoð. Reykjavík hefur upplýsingaskyldu, flæði upplýsinga til fólks í fjárhagsvanda þarf að vera gott.
- Láta fólk vita í byrjun hvaða rétt það hefur.
- Láta fólk vita hverju það á rétt á þegar það skráir sig í fyrsta skiptið. Viðkomandi frétti fyrst af ákveðnum réttindum þegar viðkomandi fór á kynninganámskeiðið ca. ári seinna (t.d. um tannlæknakostnað og frítt í sund). Eins er viðmót til viðkomandi frekar neikvætt, komið fram eins og hann/hún sé lítils virði. Er á fjárhagsaðstoð vegna atvinnuleysis en á ekki rétt á atvinnuleysisbótum þar sem viðkomandi átti eigið fyrirtæki sem varð gjaldþrota eftir hrun. Verður að mæta mánaðarlega og segja hvað gerst hefur í mánuðinum, finnst eins og hann/hún sé í hálfgerðu fangelsi og kemst lítið burt. Eins með að þurfa sérstakt leyfi til þess að fara til útlanda til að leita að vinnu. Eins og að þurfa standa í biðröð eftir mataraðstoð.
- Láta betur vita hvaða réttindi maður hefur þegar maður er á fjárhagsaðstoð, félagsráðgjafinn viti sjálfur hvað það er sem fylgir fjárhagsaðstoð og hvaða rétt maður hefur þegar maður er á henni.
- Kynna fólki réttindi sín. Vantar upplýsingar um þá möguleika sem fólk hefur.
- Kynna betur réttindi og aðstoða frekar í sambandi við atvinnu.
- Koma upplýsingum betur til skila, kerfið svo mikill frumskógur.
- Haft meiri upplýsingar og aðgengi á heimasíðunni. Meira í boði hjá Vinnumálastofnun en Reykjavíkurborg, þótt þau þjóni sama tilgangi.
- Hafa upplýsingar aðgengilegri.
- Gefa meiri upplýsingar. Hækka bæturnar.
- Gefa fólki meiri upplýsingar um réttindi þess.

- Efla upplýsingagjöf og sýna meiri lit og hjálpa meira til. Hækka tekjurnar. Bæta viðmót starfsfólks.
- Bæta vefinn sinn.
- Bæta samskipti ræða um hvaða rétt það hefur og hvað það fólk getur sótt upp frekar harðar reglur.
- Betri upplýsingar um rétt til að bóta.
- Betri upplýsingar um hvað er í boði fyrir fólk í þessari aðstöðu.
- Betri kynningu og af fyrri bragði á þeim úrræðum sem hægt er að fá.
- Benda fólki betur á hvað er í boði.
- Auglýst réttindi fólks og hækkað fjárhagsaðstoðina.
- Allavega að hafa fólk vel upplýst, þannig að fólk viti á hverju það á rétt á.
- Aðilinn er mjög ósáttur við það að einhver hringi án þess að haft var samráð við hann. Duglegri að segja frá þeim styrkjum sem hægt er að fá. Aðgengi upplýsinga á vefsíðum er ekki nógu gott. Fulltrúar standa sig vel. Lágur bætur.
- Vera fúsari að veita upplýsingar um réttindi og einnig að hjálpa fólki að sækja þau réttindi.
- Upplýsa fólk um hvað maður hefur rétt á. Betra viðmót á þjónustumiðstöðvunum, finnst maður vera að fá peninga sem maður má ekki fá.

Gefa matarmiða eða frítt í strætó

- Ódýrara leiguhúsnæði, matarmiðar frekar en hjálparstofnanir.
- Látið reikna út lágmarksframfærslu svo fólk geti sótt rétt sinn samkvæmt því. Útbúa matarkort í staðinn fyrir að láta fólk "betla" mat hjá hjálparstofnunum, gæti verslað sjálft í matinn í verslunum.
- Gefa matarkort/matarmiða. Vera með einhverskonar skiptifatamarkað. Eða þá að hækka greiðsluna.
- Frítt í strætó, nýjan borgarstjóra.
- Finna upp annað kerfi en það að maður þurfi að standa í röð til að fá mat. Til dæmis að maður fái inneignarkort í búð. Hækka lágmarkslaun, svo það hvetjandi að vera í vinnu.
- T.d. varðandi afþreyingu barna, allt svo dýrt.
- Styrkja fólk í líkamsrækt.
- Hjálpa fólki við að komast í líkamsrækt og frítt í strætó.
- Gefa öllum frítt í strætó og frítt út að borða.

Aukin eða skipulagðari samskipti við ráðgjafa

- Þarf að skila inn læknisvottorði í hvert skipti sem er eiginlega óþarfi til að fá aðstoð. Ef félagsráðgjafarnir gætu hringt í skjólstæðingana stundum þar sem skjólstæðingarnir lenda oft í því að vera inneignarlausir.
- Það vantar fleiri félagsráðgjafa, allt of mikið álag á hverjum.
- Styttu biðtíma eftir viðtali.
- Gera auðveldara að ná í ráðgjafana.
- Stundum er frekar erfitt að ná í fólk sem þarf að ná í, tölvupósti svarað seint og lengi að hringja til baka.
- Síðastliðnu vorönn fór ég 1 x í viku í viðtal á meðan ég var í skólanum. Missti áhugann í sumar þar sem það voru engir fundir. Vantaði eitthvað til að halda mér við efnið.
- Mætti bæta við fólk.
- Í Árbænum eru fulltrúar ekki hæfir sínu starfi. Vinkonan búið að reyna að hafa samband við ráðgjafann sinn en það er ekki að ganga. Ungar mæður, miklir fordómar.
- Hafa meira skipulag á fálagsráðgjöfum. Ekki látin vita þegar ráðgjafi hætti og þurfti sjálf að ná sér í nýjan.
- Félagsráðgjöfin mætti kannski vera aðeins aðgengilegri, annars er hún mjög ánægð með viðmótið.
- Er nýflutt í nýtt hverfi þar sem erfiðara er að fá þjónustu heldur en í gamla hverfinu. Mætti vera auðveldara að fá samband við þjónusturáðgjafa.
- Að félagsráðgjafar fylgist með manni. Bjó í öðru hverfi þar sem félagsráðgjafi hringdi af og til til að athuga hvernig hann hefði það og vildi sjá það í nýja hverfinu.
- Auka sveigjanleika. T.d. klúðrar félagsráðgjafinn og segir bara afsakið en ég tapaði fullt af peningum en auðvitað á að leggja þetta bara inn strax. Eins og með skólaaðstoð þá var það þvítíkt vesen og basl og þurfti að fara fyrir velferðarráð. Þegar þeir gera mistök eða eitthvað kemur upp á þá vantar sveigjanleikann.

Auka framboð af leiguíbúðum

- Nýta betur tómar íbúðir í borginni. Meiri og fljótvirkari aðstoð við húsnæðisskort.
- Gera leigumarkaðinn betri og lögin í kringum það.
- Gengur illa fyrir fólk sem er að sækja um húsnæði, of miklir biðlistar. Misjafnt eftir félagsráðgjöfum hvernig þeir aðstoða fólk.
- Aðstoða þá sem eru í húsnæðisleit.

Einfaldari reglur

- Reyna að flýta fyrir í málum fólks. Vinna betur í málum fólks, finnst það ekki vera vinna starf nógu vel. Þarf að auðvelda ferli til að komast á bætur.
- Hafa minna vesen í kringum þetta.
- Hafa allt skýrara, regluverkið.
- Einfalda umsóknarkerfið.
- Einfalda hlutina. Ekki endilega hafa fastan kostnað á umsóknum, heldur miða betur við hver staða fólks er.
- Vantar meiri sveigjanleika. Þarf að hjálpa einstæðingum uppúr fátækragildrum. Finnst að einstæðum mæðrum sé miklu meira hjálpað en einstæðingum, sbr. barnabætur og meðlög. Vildi taka fram að hann hefur fengið mun hraðari og betri lausn á sínum málum sem einstæðingur á Indlandi og þar sem hann fékk inni á samyrkjubúi í Ísrael. Tók miklu lengri tíma á Íslandi að koma honum í húsnæði.
- Sýna þeim skilning sem eru eitthvað að reyna t.d. að framkvæma sjálfir. Finnst mér refsað fyrir að vera með frumkvöðlakraft. Er að reyna að bjarga mér sjálfur. Hef gert í því að vera hreinn og beinn og sagt þeim allt og finnst fá meira mótlæti á móti vegna þess.
- Sveigjanlegri.
- Þetta er allt í lagi. Í Danmörku er hægt að lána fyrir tryggingum til að leigja íbúð. Svo skila því aftur þegar maður flytur aftur frá landinu. Þarf ekkert vesen.
- Mjög slæmt að maður þarf að sækja um á 3 mánaða fresti. Sömu réttindi og þeir sem eru á atvinnuleysisbótum sem þurfa ekki að sækja um á 3 mánaða fresti. Þurfa að vita um bankainnistæðu manns, ansi frekir. Maður þarf helst að eiga enga peninga inni á reikningi sem er ekki réttlátt. Mjög mikið óöryggi. Mjög slæmt að þeir sem eru atvinnulausir og þiggja fjárhagsaðstoð geta ekki farið á nein námskeið eins og hjá Vinnumálastofnun. Alltaf þurft að borga öll tölvunámskeið. Þeir sem eru á atvinnuleysisbótum geta fengið alls konar námskeið.
- Leyfa þeim að vera í skóla á meðan, svo fólk festist ekki í fátækragildru.
- Að vottorðin sem maður þarf að sækja um gildi lengur en í 3 mánuði.
- Að geta verið með hlutavinnu án þess að skerða bætur til að koma sér út á vinnumarkaðinn.

Annað

- Þeir sem geta e-a björg sér veitt falla milli stafs og bryggju.
- Skoða sem sagt bara hvern fyrir sig, sumir eru verra settir en aðrir. Koma heim til fólks og sjá hvernig þau búa og hvernig þeim líður.
- Senda útlendingana heim.

- Reka allt fólkið sem vinnur í þessum geira, láta fólk hafa aðstöður sem sæmir kóngum.
- Ósátt við að þegar ég mætti í viðtal um daginn og félagsráðgjafinn hringdi út um allt og sagði öðrum að ég væri ólétt. Hef ekki fengið frið fyrir Barnaverndarnefnd síðan, en ég er EKKI ólétt. Borga á réttum tíma. Ég er t.d. ekki búin að fá borgað núna (2. des). Gera fólki auðveldara að sækja rétt sinn, bæta viðmótið, ekki láta sem þeir séu óvinir manns.
- Oftar en ekki er komið fram við viðkomandi eins og aumingja, vanvirðing frá ókunnugu fólki.
- Myndi bæta mest ef þau myndu passa upp á að fólk fengi greitt á réttum tíma, ef það dregst þá dregst af að borga reikninga.
- Meiri hjálp fyrir barnafólk.
- Láta mann hafa vinnu.
- Laga atvinnustigið í landinu.
- Komið með ávísun um mánaðamótin svo hann þurfi ekki að fara upp í Síðumúla.
- Hún er rosalega ánægð eins og er.
- Hugsa aðeins lengra hvað þarf að nota bæturnar í og hvort þær dugi.
- Hjálpa þeim.
- Halda betur utan um það hverjir séu á fjárhagsaðstoð.
- Hafa launin persónumiðaðri, miða við aðstæður hvers og eins.
- Gera meira til að þetta bitni ekki á börnunum. Styrkurinn má fara í mat og pössun fyrir börnin en ekki í tómsundur handa þeim. Frístundastyrkurinn frá Reykjavíkurborg er ekki nóg til að börnin fái að vera hluti af því sem þau vilja vera hluti af. Sárt að geta ekki leyft börnunum að vera partur af því sem þau vilja vera partur af. Sálfræðiaðstoð fyrir börnin hefur einnig verið synjað þrátt fyrir það sem viðkomandi telur vera góðar ástæður til að þau ætti að fá slíka aðstoð. Að maður geti valið aðilann sjálfur til að sækja þjónustu hjá, ekki að það sé skaffað fyrir mann. Hefur aldrei getað fengið aðstoð fyrir endurhæfingu til að hugsanlega geta náð betri heilsu en er þó óvinnufær.
- Fylla út umsjónarblað. Mætti vera hægt að sækja um það á netinu í stað þess að mæta á staðinn.
- Fá eftirfylgni hjá Kvennasmiðjunni. Hjálpa fólki við að losna við skuldir sínar.
- Enhverskonar samkomustaður þar sem fólk getur hist.
- Endurskoðað málið hjá barnsmóður hans.
- Ekki reyna að reka fólk af Féló sem á það skilið að vera á þessum styrk.
- Ekki misnota þetta fólk, og gefa fólki sem er á atvinnuleysisbótum hærri bætur.
- Betra samstarf milli Reykjavíkurborgar og TR upp á það að aðstoða það fólk sem er andlega eða líkamlega fatlað að komast í örorkumat



- Tók fram að það tæki ekki að vinna ef launin eru það lág að maður fær bara 170 þús útborgað, alveg eins gott að vera á atvinnuleysisbótum.
- Aðilinn sótti um styrk til að sækja námskeið sem hefði hjálpað að koma honum úr þessum aðstæðum, en því var hafnað.
- Hafa tillögukassa á þjónustumiðstöðinni sem maður getur sett hugmyndir í.

Ekkert, er ánægð(ur) með þjónustuna

- Fátt sem þeir gætu bætt, finnst gott sem þeir eru að gera.
- Halda áfram góðu starfi, reyna að gera enn betur.

VIÐAUKI II

Hvað, ef eitthvað, varstu sérstaklega ánægð(ur) með á námskeiðinu?

Góð þjónusta/kennsla/viðmót starfsfólks

- Þá sem stóðu fyrir námskeiðinu.
- Viðmótið var indælt og frábært í alla staði. Hringjsá mætti setja púður í þetta því það gæti hjálpað fólki! Mjög gott.
- Var ánægð með starmennina.
- Starfsfólkið alveg frábært, öllu leyti vel staðið að námskeiðinu, Linda skólastjóri frábær, móttökudaman góð líka, kennararnir alveg yndislegir.
- Sniðugt að hafa dagsmeðferð og fært fólk að vinna. Mikill stuðningur.
- Sigursteinn Músson talaði um geðhjálp og andlega vellíðan og hann var flottur. Jóhann Ingi og sjálfstraustið var einnig flott. Þórgímur Þrínsson talaði um að elta drauminn.
- Leið vel þar, var velkomin, gott nám.
- Kennararnir, jarðbundin og koma fram við alla eins og þau hafi þekkt þau alla ævi.
- Kennarana og framsetningu efnis.
- Jákvæðni hjá leiðsögumanninum (Jón Gauti).
- Hjálpleg. Sýndu hvað það var mikið hægt að gera. Voru mjög góð að hjálpa manni.
- Hjálpaði mér "heavy" mikið. Starfsfólkið tók vel á móti manni.
- Heimilislegar og góðar viðtökur.
- Góðir sálfræðingar.
- Góð kennsla.
- Fyrirlesarana og viðmótið í starfsfólkinu, mjög fínt.
- Best var Virkni til velferðar, tóku vel í athugasemdir aðila. Stóðu vel við sitt. Náðu að láta alla vinna vel saman.
- Ánægður með fulltrúann sem sá um þetta.
- Almennt viðmót.
- "Leiðin til velgengni" fannst henni vera mjög gott persónulegt námskeið og þau buðu upp á einkatíma. Maðurinn sem sá um námskeiðið hafði líka verið í erfiðum fjárhagsvanda sjálfur svo þetta voru ekki bara tölur á blaði fyrir honum. Henni fannst allt gott við hugræna atferlís námskeiðið.

Félagsskapurinn

- Góður félagsskapur.
- Gaman að fara á þetta. Kynntist fólki.
- Fólki kynnist hvert öðru.
- Félagsskapinn.
- Að hitta aðra atvinnuleysingja.

Hvernig námskeiðið nýttist í atvinnuleit

- Geri fólki kleift að fá vinnu. Gerir ungu fólki kleift að fá menntun til að fá vinnu. Því fólk vill yfirleitt ekki ómenntað fólk til vinnu.
- Ánægður með að honum var bent á ýmis önnur gagnleg námskeið og fékk tölvupóstföng sem gagnast við atvinnuleit.
- Ánægð með að hafa fengið hlutavinnu út á það.
- Atvinnutækifærin sem fylgdu námskeiðinu.

Efnið sem farið var í

- Upplýsingarnar sem maður fékk um allt sem var í boði.
- Sérstaklega ánægður að finna fullt af nýjum gönguleiðum í RVK sem hann vissi ekki um.
- Opnaði meira hugan í sjálfstyrkingunni.
- Miklar upplýsingar, vel sett fram og skipuleg og fylgdi gott efni með. Vel að þessu staðið, góðir sérfræðingar.
- Maður gat talað við alla og maður vann úr sínum málum, ég gat borgað mínar skuldir og talaði við alla og samdi og kláraði málið svo þetta var frábært námskeið.
- Hvernig þeir tala um hvernig hausinn á mér virkar.
- Hvernig á maður á að forðast streitu og kvíða.
- Geta endurskoðað vitlausar hugsanir, góð sjálfsskoðun.
- Fræðsla um fjármál. Hittir fólk.
- Fékk rosalega hjálp við lesblindu og skrifblindu. Ánægð með fólkið í Janus - og ánægð að félagsráðgjafinn benti henni á það og sótti um það fyrir hana.
- Fékk fullt af góðum upplýsingum.
- Efnið sem var farið í.
- Ágætis kynning á því hvernig maður á að taka á leiðinlegum aðstæðum.
- Alls kyns námskeið, boðið upp á kynningu á alls kyns handverkum, elda o.fl.
- Að hafa fengið að fara í hússtjórnarskólann og hvað það var mikið leyft okkur að læra.

Að hafa eitthvað fyrir stafni

- Lét mann gera hluti, því hann var ekki að gera neitt bara að hanga í tölvunni.
- hafa eitthvað að gera
- Gott að geta bætt við þekkingu, komast út og hitta fólk.
- Að hafa eitthvað til þess að vaka á morgnana fyrir

Annað

- Þegar það var einstaklingsmiðað en ekki beint að hópnum í heild.
- Yfir heildina mjög fínt.
- Náði að opna sig virkilega vel á Virknibrú.
- Í heildina gott námskeið.
- Hvað þetta var glaðlegt, mjög skemmtilegt námskeið og hefði viljað hafa það lengra.
- Hvað var mikið gert fyrir fólk sem var atvinnulaust.
- Hvað maður var frjál.
- Hluti af þessu átti vel við hana.
- Heimsóknirnar.
- Góðir hópar.
- Góðar veitingar.
- Gott nám.
- Gott í Hringsjá, fara aftur í skólann. Vera ekki að vinna í hóp.
- Geta átt möguleika á því að komast í nám.
- Gagnaðist mjög vel.
- Fjölbreytnina.
- Eiginlega allt.
- Búin að gleyma, nokkur ár síðan. Var árið 2002.
- Bara ánægður í heildina.
- Ánægður með að það væri verið að aðstoða fólk.
- Almennt að boðið sé upp á námskeið um virkni.

VIÐAUKI III

Hvað, ef eitthvað, varstu sérstaklega óánægð(ur) með á námskeiðinu?

Staðsetningin

- Ferðin þangað
- Ekki nema hvað það er rosalega erfitt að finna stæði þarna
- Staðsetningin

Viðmót starfsfólks

- Kvennsmiðjunni, framkona annarra nemenda. Hringsjá með afskiptasemi skólastjórans.
- Voðalega mikið talað niður til fólks, brotið niður. maður var alitinn vesalingur og aumingi.

Námskeiðið var of stutt

- Hún hefði viljað fleiri tíma, fannst 10 tímar af námskeiðinu ekki gagnast sér nægilega.
- Stutt námskeið og lítil eftirfylgni.

Efnið var ekki nógu gott eða áhugavert

- Þetta átti að vera námskeið um námstækni o.s.frv. en honum fannst það ekki gagnast sér sem slíkt.
- Mér fannst þetta bara rugl, fannst ekkert rétt sem konan var að segja.
- Fannst þetta bara prump, engin veruleikatenging í þessu. Engin vandamál sem snertu mann.

Annað

- Elstur í hópnum.
- Flest allt.
- Var ekki alveg að henta honum.
- Svolítið dýrt.
- Hefðu mátt vera styttri ferðir, tóku allan daginn og stress með að sækja börn í skóla/leikskóla.
- Óánægð með að félagsráðgjafi hjálpaði henni ekki að tala við sálfræðing.
- Hefði viljað fá efnið sem kynnt var á námskeiðinu sent með tölvutæku formi. Sagði námskeið fín en þægilegra hefði verið að nálgast efnið á netinu.
- Var eitthvað kjánalegt.
- Fékk ekki að klára námskeiðið vegna félagsráðgjafans.
- Eftirfylgni. Vantaði eftir að þessu lauk.
- Að þurfa að standa upp og kynna mig.
- Okkur var sagt að þetta yrði metið, en þegar það var búið þá kom í ljós að það var ekki metið.